Orð og tunga

9

Orð og tunga
9

Ritstjóri
Guðrún Kvaran

Ritnefnd

Ásta Svavarsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Veturliði Óskarsson

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Reykjavík 2007

ISSN 1022-4610

Umbrot: Bessi Aðalsteinsson.
Hönnun kápu: Björg Vilhjálmsdóttir.
Prentun og bókband: Leturprent.

Efnisyfirlit

Formáli ritstjóra

Sú nýbreytni var tekin upp frá og með 7. hefti tímaritsins að binda fyrri hluta þess ákveðnu þema. Breytingarnar á tímaritinu hafa mælst vel fyrir og er því þessi árgangur með sama sniði. Samfara breytingunni var ákveðið að fyrri hluti ritsins helgaðist ákveðnu þema á sviði orðfræði eða orðabókarfræði. Þema þessa heftis var rætt á málstofu sem fram fór í safnaðarheimili Neskirkju 17. febrúar 2006 á vegum tímaritsins og Orðabókar Háskólans undir heitinu *Tungutækni og orðabækur*. Þau sem erindi fluttu voru Anna Björk Nikulásdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigrún Helgadóttir. Greinar unnar upp úr fyrirlestrunum birtast í þessu hefti.

Auk þemagreinanna eru í ritinu tvær greinar á sviði orðfræði eftir þau Erlu Hallsteinsdóttur og Veturliða Óskarsson. Ítarlegur ritdómur eftir Lars S. Vikør er um *Stóru orðabókina* eftir Jón Hilmar Jónsson sem gefin var út 2005.

Í 8. hefti var tekin upp sú nýbeytni að kynna árlega helstu orðabókarverkefni og rannsóknarverkefni sem unnið er að og tengjast orðabókargerð eða styrkja hana á einhvern hátt. Að þessu sinni eru kynnt þrjú verkefni: Íslenskt orðanet, verkefni á sviði tungutækni og ný þýsk-íslensk orðabók. Umsagnir eru einnig um fjórar nýjar orðabækur.

Allur undirbúningur undir prentun *Orðs og tungu* fór fram á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum — orðfræðisviði og var það verk eins og áður í höndum Bessa Aðalsteinssonar. Björg Vilhjálmsdóttir grafískur hönnuður, sem hannaði nýtt útlit fyrir 7. árganginn, vann einnig kápuna á þetta hefti.

Guðrún Kvaran

Dr. Jakob Benediktsson

Aldarminning

Í júlímánuði í ár verða hundrað ár liðin frá fæðingu Jakobs Benediktssonar, fyrrum forstöðumanns Orðabókar Háskólans, en hann fæddist á Fjalli í Seyluhreppi í Skagafirði 20. júlí 1907. Jakob var settur til náms og lauk gagnfræðaprófi utanskóla á Akureyri 1922. Veturinn 1923–1924 sat hann í fjórða bekk Menntaskólans í Reykjavík og lauk þaðan stúdentsprófi utanskóla 1926. Eftir það lá leiðin til Kaupmannahafnar til náms í latínu og grísku en cand.mag. prófi í þeim greinum lauk hann við Hafnarháskóla 1932.

Að námi loknu kaus Jakob að dveljast áfram í Kaupmannahöfn þar sem honum bauðst árið 1933 að verða aðstoðarmaður hjá Christian Blinkenberg prófessor við útgáfu á grískum áletrunum frá Lindos. Að útgáfunni vann hann til 1942 en kenndi jafnhliða við ýmsa skóla í Kaupmannahöfn. Áður en útgáfunni með Blinkenberg var að fullu lokið varð Jakob styrkþegi Árnanefndar og vann á vegum hennar við orðabók yfir fornískensku á árunum 1939–1946. Síðustu þrjú árin var hann einnig bókavörður við Háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn. Árið 1946 fluttist Jakob til Íslands ásamt konu sinni Grethe Kyhl, mag. art. í klassískri fornleifafræði. Jakobi hafði þá boðist að gerast forstjóri Máls og menningar. Hann tók því boði og gegndi starfinu í tvö ár að hann sneri sér að því sem átti eftir að verða hans ævistarf.

Nokkur umræða hafði á árunum á undan farið fram í heimspekideild Háskóla Íslands um sögulega íslenska orðabók og höfðu menn *Ordbog over det danske sprog* að fyrirmynd sem Verner Dahlerup hafði hafist handa við um aldamótin 1900. Árið 1943 samþykkti heimspekideildin áskorun til háskólaráðs um að láta hefja undirbúning sögu-

legrar íslenskrar orðabókar eftir siðskipti og var Alexander Jóhannesson prófessor aðalhvatamaður þess. Verkið fór hægt af stað. Árni Kristjánsson var lausráðinn til orðtöku 1943 og vann við hana ásamt kennslustörfum. 1947 var Ásgeir Blöndal Magnússon fenginn til verksins og voru þeir Árni nú fastráðnir til að safna efni til sögulegrar íslenskrar orðabókar. Yfirstjórn orðabókarverksins, sem í sátu þrír prófessorar við deildina, töldu mikilvægt að ráða forstöðumann til verksins og leituðu til Jakobs Benediktssonar sem féllst á að taka starfið að sér. Hann var ráðinn til þess 1. janúar 1948 og gegndi því til ársloka 1977 að hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Orðabók Háskólans hafði fest sig í sessi.

Í upphafi lagði Háskóli Íslands út fyrir öllum kostnaði við undirbúning orðabókarstarfsins og síðar fyrstu orðtökuna. Árið 1947 fékkst það samþykkt að háskólinn og ríkið skiptu kostnaði jafnt sín á milli og þannig var staðan þegar Jakob tók við forstöðumennskunni. Orðabókin varð síðar ríkisstofnun 1964 og við það voru fjárveitingar orðnar tryggar þótt ekki væru þær háar.

Mikið verk var fram undan þegar Jakob settist við skrifborðið sitt á efstu hæð í norðurenda aðalbyggingar háskólans. Eftir var að safna orðaforðanum úr heimildum fjögurra alda, skrifa orðabókargreinar og gefa út bók í mörgum bindum, eins og ætlunin var þá, starfsmenn aðeins þrír og ekkert fé til að greiða aðstoðarfólki fyrstu árin. Þeir félagarnir lásu því handrit og bækur, skrifuðu á seðla og röðuðu þeim í kassa. Þannig var unnið árum saman.

Þegar heim kom á daginn settist Jakob við að ljúka doktorsritgerð sinni um Arngrím Jónsson lærða sem hann varði 1957 og kom út í Kaupmannahöfn sama ár undir heitinu *Arngrímur Jónsson and his works*. Á sama hátt vann hann að öllum þeim verkum sem eftir hann liggja, frumsömdum og þýddum, en í þá daga var ekki til það sem nú kallast „frjálsar rannsóknir“ sem hluti vinnutímans. Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni hinar fjölmörgu greinar Jakobs, útgáfur og þýðingar, sem flestir í íslenskum fræðum þekkja, aðeins orðabókarstarfið sem hann tók að sér og vann að í þrjátíu ár.

Ég kom fyrst á Orðabókina haustið 1965 sem stúdent á þriðja ári, nýbúin að ljúka fyrri hluta prófi. Mér hafði boðist þar vinna með námi og kveið ég því heil ósköp að berja að dyrum og spyrja eftir Jakobi. Sá kvíði reyndist ástæðulaus. Við mér tók brosandi maður í reykmettuðu herbergi sínu, sló úr pípunni og tók að spyrjast fyrir um námið.

Vinátta okkar var hafin og stóð hún þar til Jakob lést háaldraður. Eftir drykklanga stund vísaði hann mér í herbergi Ásgeirs Blöndals en þar átti ég að sitja og raða seðlum í bunka eftir upphafsstaf orðanna. Þessi fyrsti vetur minn á orðabókinni líður mér seint úr minni. Á hverjum degi mætti ég til vinnu eftir hádegi og sátum við Ásgeir bæði steinþegjandi við vinnu okkar fram undir vor að hann einn daginn yrti allt í einu á mig og þar eignaðist ég annan náinn vin á Orðabókinni til fjölmargra ára. Klukkan þrjú hringdi Jón Aðalsteinn Jónsson bjöllu og kominn var kaffitími. Hver maður var með sitt neskaffi, vatn var hitað í heldur laslegum katli og hver settist í sitt sæti í örlitla kaffikróknum. Gestir af ganginum komu nær daglega til að rabba, kennarar í íslensku, sagnfræði, lögfræði. Óláir erlendir gestir, sem áttu erindi til landsins, litu inn einkum til að hitta Jakob. Hann var ávallt hrókur alls fagnaðar, tók öllum jafnvel, gerði ekki mannamun.

Fjárhagur stofnunarinnar hafði aðeins rýmkast, unnt var að ráða fólk til þess að skrifa upp úr orðteknum bókum og létti það talsvert á starfsmönnum. Jakob sinnti þessu fólki öllu allt til starfsloka, taldi seðlana, reiknaði út launin, spjallaði og lét það fá nýjar bækur til að vinna með.

Sjálfur valdi Jakob sér mörg tímafrek og erfið verkefni. Hann las og orðtók t.d. Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar og bar saman við orðalista í bók Jóns Helgasonar um Nýja testamentisþýðingu Odds. Guðbrandsbiblíu las hann og bar biblíuútgáfu Þorláks Skúlasonar að henni og skráði lesbrigði.

Erfiðasta og tímafrekasta verk Jakobs var þó án efa uppskriftir hans úr orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (AM 433 fol.). Það var þá varðveitt í níu bindum í Árnasafni í Kaupmannahöfn en Orðabókin hafði eignast ljósmyndir af handritinu og eftir þeim vann Jakob. Um er að ræða íslenskt orðabókarhandrit með skýringum að mestu á latínu en Jón greip til dönsku og jafnvel íslensku ef latínan ein nægði honum ekki. Handrit Jóns er ekki árennilegt. Hann hafði valið þá leið að skrifa á blöð en ekki seðla og komst fljótt í þrot með rúm innan stafrófsraðarinnar. Þá tók hann að skrifa á spássíur og jafnvel milli lína, hvar sem auðan blett var að finna. Jakob vann það þrekvirki að fara yfir allt handritið, skrá orð og orðskýringar á seðla og raða þeim í stafrófsröð í fjórtán kassa. Alls munu seðlarnir vera um 50.000 en einstök orð eru rúmlega 40.300. Að auki skráði Jakob kvæði, vísur, gátur, tilvísanir í þjóðtrú og tilvitnanir í nafngreinda menn og

er það safn geymt í sérstökum kassa. Þessu verki lauk hann skömmu áður en hann lét af störfum.

Árið 1956 hófst samvinna milli Ríkisútvarpsins og Orðabókar Háskólans um útvarpsþætti. Jón Aðalsteinn Jónsson hafði þá um skeið flutt útvarpsþætti um íslenskt mál en ákveðið var nú að tengja þættina orðabókarstarfinu að hluta. Jakob reið á vaðið og flutti fyrsta þáttinn 6. nóvember og lýsti hugmyndinni á eftirfarandi hátt:

> Þó að þessum þætti sé framar öllu ætlað að vera fræðsluþáttur fyrir almenning, þá skal hinu ekki leynt að við orðabókarmenn væntum okkur af honum nokkurs fróðleiks frá þeim sem á hann hlusta og senda honum bréf. Hvorttveggja er, að spurningar um íslenska tungu geta veitt bæði beina og óbeina fræðslu um ýmsa hluti sem okkur fýsir að vita, og eins er ekki loku fyrir skotið að við munum stundum beina spurningum til hlustenda um atriði sem okkur skortir tilfinnanlega vitneskju um. Mættu svo báðir aðiljar, hlustendur og við, hafa af þættinum nokkurt gagn, og samstarf takast sem báðum gæti komið að notum.

Ekki stóð á liðsinni almennings. Fyrst í stað var efni þáttanna orðfræði og málfarslegar leiðbeiningar auk orðasöfnunar en eins og þeir vita sem fylgdust með þættinum *Íslenskt mál* þróaðist hann smám saman í að verða samvinnuvettvangur Orðabókarinnar og hlustenda ríkisútvarpsins. Ég á ekki von á að Jakob og samstarfsmenn hans hafi árið 1956 grunað að þátturinn yrði á dagskrá í tæpa fimm áratugi.

Jakob var ákaflega ljúfur yfirmaður. Hann var vinnusamur en gaf sér þó alltaf tóm til að spjalla við samstarfsmenn og þá sem til hans leituðu. Þeir voru ófáir stúdentarnir sem leituðu ráða hjá honum og fóru sjaldan burt án þess að fá einhverja úrlausn. Sem sumarstarfsmaður á efstu hæð Árnagarðs minnist ég þess hvernig dagur hans hófst. Hann kom með strætisvagni ofan úr Hlíðum um hálftíu, settist stundarkorn í sófann inni hjá Ásgeiri Blöndal, þar sem mér hafði verið holað niður, sló úr pípunni, tróð í aftur og spjallaði, sagði sögur og hló á meðan hann reykti pípuna til enda. Þá stóð hann upp og hóf dagleg störf. Þessar fáu mínútur eru ljúf minning um góðan yfirmann.

Guðrún Kvaran

Anna Björk Nikulásdóttir

Sjálfvirk greining merkingarvensla í *Íslenskri orðabók*[1]

1 Inngangur

Með tilkomu orðabóka á tölvutæku formi opnast nýir möguleikar í orðabókahönnun. Þróunin í þá átt að hanna rafrænar orðabækur og önnur rafræn uppflettirit á sjálfstæðan hátt, óháð fyrirrennurum sínum á prenti, er þó enn á byrjunarstigi. Þar ræður mestu um að flestar tölvuorðabækur byggjast að einhverju eða öllu leyti á prentaðri útgáfu (Storrer 2001:54). Útgáfa á prenti lýtur öðrum lögmálum og því hefur ekki enn verið hægt að nýta möguleika rafræna formsins nema að hluta. Í bókaútgáfu er pláss veigamikill kostnaðarliður og er því kappkostað að hafa skýringar og aðrar upplýsingar í orðabókum sem knappastar. Skipulagi upplýsinganna eru einnig skorður settar, til að mynda skipa flestar orðabækur flettum í stafrófsröð. Fyrir orðabækur á tölvutæku formi hafa þessi atriði ekki eins mikið vægi. Ekki þarf að hugsa um að spara pláss, flettum og öðrum upplýsingum má raða á ýmsan hátt og gefa notanda kost á mismunandi upplýsingum allt eftir hans þörfum. Hér skiptir mestu að notendaviðmót og leitarmöguleikar séu sem best úr garði gerð.

[1] Þessi rannsókn er hluti af lokaverkefni mínu til MA-prófs í tungutækni frá Ruprecht Karls-Universität Heidelberg, Þýskalandi.

Orð og tunga 9 (2007), 5–24.

Íslensk orðabók (ÍO) var gefin út af Eddu í tölvuútgáfu árið 2000 og í endurbættri útgáfu árið 2003. Um nokkurt skeið hefur hún verið aðgengileg á vefnum (sjá *Vefbækur Eddu*) þar sem hún er í stöðugri þróun. Hvati rannsóknarinnar, sem hér verður lýst, var sá að það væri eftirsóknarvert að taka meira tillit til merkingarlegra þátta við uppsetningu orðabókarinnar en nú er gerlegt. Fyrsta skrefið í þessa átt hefur reyndar þegar verið tekið þar sem við leit að ákveðnu orði birtist listi þeirra flettna sem hafa leitarorðið í skýringu sinni og tengjast því leitarorðinu mjög líklega merkingarlega. Þessi breyting á framsetningu upplýsinga ætti að koma notendum til góða því ástæða þess að fólk flettir upp í orðabók er yfirleitt sú, að leitað er eftir merkingu ákveðins orðs (Herbst og Klotz 2003:33).

Markmið rannsóknarinnar var að kanna möguleikana á því að greina sjálfvirkt merkingarvensl milli nafnorðaflettna og orða úr skýringartextum þeirra. Í þeim tilgangi var forritið MerkOr þróað sem greinir 12 mismunandi merkingarvensl. Niðurstöðurnar sýna á ótvíræðan hátt að sjálfvirk greining merkingarvensla er raunhæfur möguleiki. Stór hluti nafnorðaflettna ÍO hefur verið tengdur við merkingarlega skyld orð, alls 96,45% merkingarliða.

Greining merkingarvenslanna byggist á orðflokkamynstrum skýringanna og því skilar rannsóknin einnig úttekt á því hvaða form skýringartexta eru best fallin til vélrænnar greiningar og hvaða form síður. Þessar upplýsingar gætu komið að notum við endurbætur á ÍO.

2 Aðferð

Lagt var upp með þá tilgátu að unnt sé að greina merkingarvensl milli flettna og orða í skýringum þeirra út frá orðflokkamynstri. Nokkrar rannsóknir af þessu tagi hafa verið gerðar fyrir önnur tungumál og má þar nefna greiningu ensku orðabókarinnar *Longman Dictionary of Contemporary English* (Alshawi 1987), greiningu basknesku orðabókarinnar *Euskal Hiztegia* (Agirre o. fl. 2000) og greiningu yfirheitastigveldis úr þýsku orðabókinni *Wörterbuch der deutschen Gegenwartssprache* (Geyken og Ludwig 2003). Skýringartextar orðabóka henta sérstaklega vel til greiningar eftir föstum mynstrum þar sem form þeirra er í nokkuð föstum skorðum. Algengast er að skýringar nafnorða tilheyri öðrum af eftirfarandi flokkum:

a) samheiti / jafnheiti[2]eða upptalning samheita / jafnheita.

(1) **fagnaður 1** ánægja, gleði[3]

b) yfirheiti (*genus proximum*) ásamt nánari lýsingu, oft lýsingarorði eða -orðum (*differentia specifica*) (Svensén 1993:122).

(2) **breiðband** breitt tíðnisvið notað til fjarskipta, [...]

Einnig er samsetning beggja flokka algeng:

(3) **fagnaður** [...] **2** höfðinglegar móttökur, gleðskapur

Með því að greina orðflokkamynstur skýringanna og samhengi þeirra við merkingarvensl sést til dæmis að í (2) og (3) er höfuð (fyrsta) nafnliðarins yfirheiti flettunnar en hvert orð í upptalningu eins og í (1) er samheiti / jafnheiti hennar. Ýmis önnur mynstur koma fyrir í skýringatextum ÍO þó ekki séu þau eins algeng og þau í (1) – (3) og verður nánar fjallað um nokkur þeirra hér fyrir neðan.

Gögnin, sem rannsóknin byggist á, eru markaðir skýringartextar nafnorða úr gagnagrunni ÍO. Skýringartextarnir voru markaðir með TnT-málfræðimarkara Brants sem þjálfaður hefur verið á íslensku.[4] Stór kostur ÍO er að skýringum er skipt niður í svokallaðar flettutegundir í gagnagrunninum. Flettutegundir eru helsta viðfangsefni rannsóknarinnar og kýs ég að kalla þær skýringarhluta til einföldunar. Eftirfarandi skýring er til að mynda þrískipt:

(4) **dílaburkni** [1] íslensk burknategund [2] *(Dryopteris assimilis)* [3] af þrílaufungsætt, með fjaðurskiptum blöðum, vex í gjám og kjarri

Þetta skipulag auðveldar til muna vélrænan aðgang að einstökum hlutum skýringanna og skilar þar af leiðandi betri niðurstöðum en ef öll skýringin er vistuð sem ein heild. Í greiningu MerkOr er hver skýringarhluti meðhöndlaður sem sjálfstæð eining. Við hann er flettan tengd ásamt kenninúmeri sem og það orðflokkamynstur sem markarinn skilar. Skýringin í (4) hefur eftirfarandi greiningu:

[3]Sjá nánari umfjöllun um samheiti og jafnheiti í köflum 3.2 og 3.8.

[3]Öll orðabókardæmi eru úr vefútgáfu *Íslenskrar orðabókar* (sbr. *Vefbækur Eddu*). Málfræðiupplýsingum (kyni og beygingu) er sleppt í dæmunum.

[4]Gagnagrunnurinn var fenginn til rannsóknarinnar hjá Eddu útgáfu og kann ég þeim bestu þakkir fyrir og þá sérstaklega starfsmönnum orðabókadeildar, þeim Laufeyju Leifsdóttur og Marinó Njálssyni. Kærar þakkir einnig til Sigrúnar Helgadóttur hjá Orðabók Háskólans sem markaði skýringatextana.

(5) íslensk burknategund l_nn[5]
af þrílaufungsætt, með fjaðurskiptum blöðum, vex í gjám og kjarri[6]
a_nþ_,_a_nþ_nþ_,_s_a_nþ_c_nþ

Markarinn skilar mun nákvæmari upplýsingum en hér sjást en einungis er notast við orðflokkamerkinguna, auk fallupplýsinga ef um nafnorð er að ræða. Upphafsorðflokkur hvers mynsturs segir mikið til um það hvaða merkingarvensl er von til þess að greina í viðkomandi skýringu. Mynstrunum er því skipt upp í flokka eftir því. MerkOr er skrifað á hlutbundna forritunarmálinu *Smalltalk* og greiningarklasinn hefur undirklasa fyrir hverja tegund af mynstrum. Greiningin byggist á reglustigveldum, einu fyrir hvern flokk af mynstrum. Í flestum tilvikum nægir að greina orðflokkamynstrið til þess að fá niðurstöðu, sú er raunin í fyrri hluta (5) með mynstrið l_nn. Stundum er þó nauðsynlegt að kanna skýringarstrenginn sjálfan og er seinni hluti (5) dæmi um það. Hér gefur orðið *af* sem upphaf texta með orðflokkamynstrið a_nþ_* vísbendingu um að merkingarvenslin ÆTT sé að finna í skýringunni. Flettan *dílaburkni* hlýtur eftirfarandi greiningu í MerkOr:

(6) YFIRHEITI (dílaburkni, burknategund)[7]
EIGINLEIKI (dílaburkni, íslensk)
ÆTT (dílaburkni, þrílaufungsætt)

Í næsta kafla verður fjallað nánar um merkingarvenslin og greiningu þeirra.

3 Merkingarvensl

Alls innihalda niðurstöðurnar 10 mismunandi merkingarvensl: yfirheiti, undirheiti, samheiti, eiginleiki, ætt, heildheiti, hlutheiti, hluti hóps, tengt lýsingarorð og tengt sagnorð. Auk þess voru jafnheiti og vísanir tekin með en þessi sambönd eru merkt sérstaklega innan orðabókargagnagrunnsins. Ákveðið var að einskorða rannsóknina ekki

[6]Markarinn skilar niðurstöðum í samræmi við greiningarstrengi *Íslenskrar orðtíðnibókar*: a = atviksorð, l = lýsingarorð, nn = nafnorð í nefnifalli, nþ = nafnorð í þágufalli, s = sögn, c = samtenging.

[6]*Dryopteris assimilis* er sleppt. Skýringarhluta á erlendu tungumáli er hægt að tengja við flettuna eftir á án þess að til komi sérstök greining.

[7]Lesist: *burknategund* er yfirheiti *dílaburkna.*

við gildandi merkingarvensl merkingarfræði orða heldur að leggja áherslu á að finna þau sambönd sem eru fyrir hendi í skýringatextum ÍO og gætu komið að notum við uppsetningu hennar.

3.1 Yfirheiti og undirheiti

Yfirheiti er algengustu merkingarvenslin sem er að finna í skýringatextum nafnorðaflettna ef jafnheitin eru ekki meðtalin, alls greindust 43.066 yfirheiti. Y er yfirheiti X ef *A er X* felur í sér *A er Y* en ekki öfugt:

(7) Þetta er fólksbíll og þar af leiðandi er þetta farartæki.
*Þetta er farartæki og þar af leiðandi er þetta fólksbíll.

Fyrir yfirheitasambönd gildir, að ef Y er yfirheiti X þá er X undirheiti Y:

YFIRHEITI (X, Y) → UNDIRHEITI (Y, X)

Þar af leiðir að ef yfirheiti flettu finnst í skýringartexta þá er flettan jafnframt undirheiti þess. Þannig geta orðið til yfirheitastigveldi innan flettna orðabókarinnar (undirstrikuðu orðin eru yfirheiti):

(8) a. **glímukappi** frábær glímumaður
b. **glímumaður 1** keppandi í glímu **2** maður sem iðkar glímu
c. **keppandi** sá sem keppir, tekur þátt í keppni (t.d. í íþróttum)
d. **maður 1** tvífætt og tvíhent spendýr sem talar, [...]
[...]
7 rún sem samsvarar *m*

Í (8c) kemur orðið *maður* ekki fyrir í skýringunni en er engu að síður greint sem yfirheiti. Þetta skýrist af því að skýringar, sem hefjast á orðunum *sá sem...*, vísa til þess að um manneskju sé að ræða og er reglan því sú að greina orðið *maður* sem yfirheiti flettna með þess konar skýringar (jafnvel þó að í einhverjum tilvikum gæti einnig verið vísað til dýra með viðkomandi flettu).

Þegar flettur eru tengdar saman í yfirheitastigveldi eins og í (8) verður að hafa í huga að yfirheitin, sem greind eru fyrir hverja flettu, geta haft margar mismunandi merkingar og í versta falli er um að ræða samhljóma flettur. Að svo stöddu er ekki mögulegt að segja til um hvaða merkingarliður flettu á við það orð sem greint er sem yfirheiti (eða önnur merkingarvensl) og því verður að taka stigveldunum

með fyrirvara. Í (8d) má til dæmis sjá að YFIRHEITI (maður, rún) er gilt en orðið *rún* er ekkert tengt orðunum *glímukappi* eða *keppandi* sem eru neðar í stigveldinu. Þrátt fyrir þetta gæti listi allra orða í slíku stigveldi með tengingu við viðkomandi flettu(r) komið að gagni við leit í orðabókinni. Greining yfirheita gefur einnig möguleika á því að finna öll undirheiti ákveðins orðs:

(9) UNDIRHEITI (stelpa, (dugga, flekon, fruska, gaflhlað, gandála, glofra, hveðra, lausastelpa, skoffín, sleggja, stelpugopi, stelpuskjáta, stelputrippi, strákaflenna, strækni, trilla, trýta, vammaskjóða)

Greining undirheita úr skýringum er ekki algeng. Eins og er skila einungis skýringar af forminu *X(-) eða (-)Y* undirheitum:

(10) **fyrirtak 1** ágæti, úrvalsmaður eða -hlutur
UNDIRHEITI (fyrirtak, úrvalsmaður)
UNDIRHEITI (fyrirtak, úrvalshlutur)

3.2 Samheiti

Samheiti teljast þau orð sem í ákveðnu samhengi er hægt að skipta út hvort fyrir annað án þess að merking eða sannleiksgildi setningarinnar breytist:

(11) a. *Merin* hans Jóns er inni í hesthúsi
b. *Hryssan* hans Jóns er inni í hesthúsi

Algjör samheiti, það er að segja tvö orð sem geta í öllum hugsanlegum tilvikum komið hvort í stað annars, eru sjaldgæf eða ekki til (sjá t.d. Cruse 1986:265ff). Við greiningu samheita úr ÍO er heldur ekki leitað eftir algjörum samheitum í þessum skilningi heldur er gengið út frá því að flettur, sem eru skýrðar með einu orði eða upptalningu orða, hafi í ákveðnu samhengi sömu merkingu og orðið (orðin) í skýringunni, sbr. (1) hér að ofan. Samheiti eru reyndar ekki hátt hlutfall heildargreiningarinnar þar sem skýringar eins og í (1) eru yfirleitt merktar sem jafnheiti í gagnagrunni ÍO og hljóta greiningu samkvæmt því. Eftirfarandi eru dæmi um skýringar þar sem MerkOr greinir samheiti:

(12) a. **rúmfatnaður 1** sængurfatnaður
SAMHEITI (sængurfatnaður, rúmfatnaður)
b. **hormotta** yfirvaraskegg
SAMHEITI (yfirvaraskegg, hormotta)
c. **garg** [...] fuglahljóð
SAMHEITI (fuglahljóð, garg)

Hér sést að niðurstöður samheitagreiningarinnar eru ekki einsleitar. Dæmi (12a) sýnir samheiti sem geta yfirleitt, ef ekki alltaf, komið í stað hvort annars. Í (12b) er merking orðanna á vissan hátt sú sama en á þeim er stór stílmunur þannig að þau er ekki hægt að nota á víxl í hvaða samhengi sem er. Í (12c) er um að ræða yfirheiti og undirheiti: YFIRHEITI (garg, fuglahljóð). Upphaflega tilgátan um að skýringar sem eru eitt nafnorð (eða upptalning nafnorða) væru alltaf samheiti flettunnar stenst því ekki að öllu leyti.

3.3 Eiginleiki, tengt lýsingarorð

Merkingarvenslin eiginleiki og tengt lýsingarorð eru vensl milli nafnorðaflettu og lýsingarorðs úr skýringartextanum. Eiginleiki lýsir á einhvern hátt því sem flettan vísar til og oftar en ekki greinir eiginleiki flettuna frá systrum hennar í yfirheitastigveldi:

(13) a. **busl** ólögulegt sund
b. **sprettsund** stutt sund

Yfirheiti beggja flettna í (13) er *sund* en þær hafa mismunandi eiginleika:

c. EIGINLEIKI (busl, ólögulegt)
EIGINLEIKI (sprettsund, stutt)

Eins og er fylgja lýsingarorðin í niðurstöðunum eftirfarandi nafnorði í kyni og eru því ekki flettur í ÍO nema nafnorðið sé í karlkyni. Í útgáfu ÍO á netinu (sjá *Vefbækur Eddu*) er þó hægt að slá inn leitarorð í hvaða formi sem er þar sem flett er upp í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) ef leitarorðið finnst ekki sem fletta. Einnig stendur til að fara yfir niðurstöður MerkOr með hjálp BÍN, bæði til þess að setja orð merkingarvensla í kenniform og til þess að sigta út villur í greiningunni (sjá kafla 4). Hér má einnig benda á að vitanlega eru ekki öll orð, sem fram koma í greiningunni, flettur í ÍO (sjá einnig Kristínu Bjarnadóttur 1998:38–39).

Tengt lýsingarorð er lýsingarorð af sama stofni og flettan eða lýsingarorð með sömu eða svipaða merkingu og slíkt orð. Skýringar, sem innihalda tengt lýsingarorð, eru af forminu *það að vera X* eða *eitthvað X*:

(14) a. **bæklun** það að vera bæklaður, lemstrun
TENGT_LO (bæklun, bæklaður)
b. **dásemd** ágæti, e-ð aðdáanlegt
TENGT_LO (dásemd, aðdáanlegt)

3.4 Ætt

Skýringar orða úr plöntu- eða dýraríkinu hafa sérstöðu að því leyti að þær innihalda oft fræðilegar upplýsingar úr líffræði. Þetta eru upplýsingar sem notandi gæti verið að leita eftir þó að merking flettunnar sé honum ljós (Herbst og Klotz 2003:35). Sem dæmi má nefna að þó notandi viti að *grænlilja* sé plöntutegund áður en hann flettir upp í orðabók gæti vitneskjan um að hún sé af vetrarliljuætt nýst honum:

(15) **grænlilja** íslensk plöntutegund *(Orthilia secunda)* af vetrarliljuætt, [...]
ÆTT (grænlilja, vetrarliljuætt)
YFIRHEITI (grænlilja, plöntutegund)
EIGINLEIKI (grænlilja, íslensk)

Þó segja megi að yfirheitið *plöntutegund* eigi einnig uppruna sinn í líffræði var ákveðið að halda þeirri greiningu í stað þess að setja upp fleiri sérhæfð sambönd fyrir þennan flokk flettna.

3.5 Tengt sagnorð

Nafnorð, sem leidd eru af sögnum (eða öfugt), eru oft skýrð með viðkomandi sögn í ÍO. Einnig nafnorð sem lýsa í raun verknaði án þess að til sé sögn af sama stofni. Þessar skýringar eru af forminu *það að X*:

(16) a. **íhugun** það að íhuga
b. **eftirför** það að elta

Í þessum tilvikum greinir MerkOr merkingarvenslin tengt sagnorð: TENGT_SO (eftirför, elta), TENGT_SO (íhugun, íhuga). Skýringar af þessu tagi innihalda oft orðasambönd:

(17) **útungun** það að unga út eggjum, klak

MerkOr greinir einungis sambönd milli einstakra orða og greinir því ekki tengt sagnorð úr skýringum eins og þeirri í (17) enda væri TENGT_SO (útungun, unga) röng greining.

3.6 Heildheiti

„Heildheiti/holonym er heiti heildar e-s þegar hlutheiti/meronym X er heiti hluta þess. Y er heildheiti X ef X er hluti Y.“ (*Vefbækur Eddu*: Ensk orðabók). Greining heildheita úr ÍO fer eftir mynstrinu *hluti X / hluti af X*. Ef yfirheiti, sem finnst innan skýringartexta, er orðið *hluti* er næsta nafnorð á eftir að öllum líkindum heildheiti flettunnar. Í þessum tilvikum er hætt við að greina yfirheiti en heildheiti skilað í staðinn:

(18) **drag** innsti hluti dals þar sem fjöllin eru lág og aflíðandi
HEILDHEITI (drag, dals)

Skýringar af þessu tagi eru ekki hátt hlutfall skýringartextanna en þó greindust 382 heildheiti. Í einstaka tilvikum var sama heildheitið greint oftar en einu sinni og því hægt að fá lista yfir hlutheiti þess: HLUTHEITI (dals, (drag, framdalur, dalbotn, dalsmynni, uppdalur)). Heildheiti

er meðal þeirra merkingarvensla sem er nauðsynlegt að greina með hjálp BÍN til þess að hægt sé að hafa þau í nefnifalli í niðurstöðunum.

3.7 Hlutheiti

„Hlutheiti er heiti sem nær yfir samsetningarlið orðs, efni eða kjarna e-s, eða að eitthvað tilheyri ákv. hópi. X er hlutheiti Y ef X er hluti Y.“ (*Vefbækur Eddu*: Ensk orðabók). Hlutheiti eiga venjulega við áþreifanlega hluti og hluta þeirra, sígilt dæmi er *fingur* sem hlutheiti orðsins *hönd* (Cruse 1986:160–161):

(19) Fingur er hluti handar
Hönd er með fingur

MerkOr greinir hlutheiti í skýringum sem hafa mynstur sem samsvara reglulegu segðinni n_(,_n_)*c_n.* þar sem samtengingin (c) er *og*:

(20) **þvagfæri** nýru og þvaggangur
HLUTHEITI (þvagfæri, (nýru, þvaggangur))

Hlutheitin í niðurstöðunum eru þó af mismunandi gerð og í mörgum tilfellum er ekki um að ræða eiginleg hlutheiti heldur tengd sambönd (sjá Cruse 1986:172ff). Prófunarsetningin *X er hluti Y* gildir til að mynda ekki fyrir öll samböndin. Það sem þau eiga sameiginlegt er að upptalning þeirra gefur nokkuð góða mynd af merkingu flettunnar. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um hlutheiti og hvernig þau skiptast í flokka eftir því hvaða prófunarsetning gildir:

(21) a. X er hluti Y: HLUTHEITI (Eyjaálfa, (Ástralía, Kyrrahafseyjar, Nýja-Sjáland))
b. X og Z mynda Y: HLUTHEITI (brúðhjón, (brúðgumi, brúður))
c. Það að vera X og Z felst í því að vera Y: HLUTHEITI (trúbador, (skáld, tónlistarmaður))

Sérstakur flokkur hlutheita er sá sem lýsir meðlimum hóps. Fyrir þessi vensl gildir að myndi hópur af X Y, þá er X hluti hóps Y. Þessi gerð greindist einungis 87 sinnum í ÍO en mynstrið, sem gildir fyrir þessi vensl, er *hópur (af) X*:

(22) a. **holl** hópur manna, hluti heildar
HLUTI_HÓPS (holl, manna)
b. **grind** [...] **5** hópur af hvölum
HLUTI_HÓPS (grind, hvölum)
c. **gæslusveit** hópur eftirlitsmanna við tiltekið verkefni, einkum friðargæslu
HLUTI_HÓPS (gæslusveit, eftirlitsmanna)

Síðan kemur til kasta BÍN til þess að setja orðin *manna, hvölum, eftirlitsmanna* í nefnifall eintölu. Þá lítur (22a) svona út: HLUTI_HÓPS (holl, maður).

3.8 Jafnheiti og vísanir

Jafnheiti og vísanir eru sérstaklega merkt innan gagnagrunns ÍO og MerkOr framkvæmir enga frekari greiningu á þeim skýringum nema skipta þurfi upptalningum upp í einstök orð.

Hugtakið *jafnheiti* er reyndar ekki viðeigandi í þessu samhengi. Þetta hugtak er notað um „orð með samsvarandi merkingu“ (Jón Hilmar Jónsson 2005:26) í tvímála orðabókum. Hafa ber því í huga að jafnheiti í niðurstöðum MerkOr eru merkt sem slík í gagnagrunni

ÍO en lýsa ekki eiginlegum merkingarvenslum. Jafnheitaflokkun ÍO er notandanum ósýnileg og ekki er alltaf hægt að útskýra mun á flokkun skýringa:

(23) **leppur 1** tuska [merkt í gagnagrunni sem skýring]
[...]
4 handbendi [merkt í gagnagrunni sem jafnheiti]

Við yfirferð niðurstaðna MerkOr komu í ljós nokkrir flokkar jafnheita. Þetta er ekki tæmandi listi þar sem dæmi voru valin af handahófi:

(24) a. Jafnheitið er nánast sama orð og flettan:
afrak afhrak; **snjár** snjór; **ábreiðsla** ábreiða; **sauðarlús** sauðalús
b. Jafnheitið er samheiti flettunnar:
hettuselur blöðruselur; **aflgjafi** orkugjafi; **vefdagbók** bloggsíða
c. Jafnheiti hefur samsvarandi merkingu og flettan en háð samhengi. Jafnheitin í skýringunni eru ekki endilega samheiti innbyrðis:
krakki barn, barnungi, krógi
blástur kaldi, stinningsgola, vindur, þurrkur
d. Jafnheiti er undirheiti flettunnar:
sjómaður farmaður, fiskimaður
feiti viðbit

Einnig koma fyrir skýringar þar sem jafnheitin eru af mismunandi gerð. Í eftirfarandi dæmi eru samheiti, yfirheiti og undirheiti í sömu upptalningunni:

(25) **dalur** dollari, peningur, ríkisdalur

Í öllum tilfellum ætti þó tenging við viðkomandi jafnheiti sem flettur (ef þær eru fyrir hendi í ÍO) að koma notandanum að gagni en hann verður að meta að hvaða leyti merking þeirra er samsvarandi því sem hann er að leita að.

Töluvert algengt er að lengri skýringartextar séu merktir sem jafnheiti. Þessi tilfelli eru ekki greind í þessari fyrstu útgáfu MerkOr en þau þyrfti að taka til athugunar, sem og hvort ekki væri ástæða til að merkja þessa skýringarhluta öðruvísi í gagnagrunninum. Eftirfarandi er dæmi um lengri skýringu sem er merkt sem jafnheiti:

(26) **keppni** [...] **3** skipuleg samkoma eða mót þar sem menn reyna með sér í íþróttum eða öðru kappi

Vísanir eru merktar fyrir notanda og benda honum á að gagnlegt gæti verið að fletta upp á viðkomandi orði. Hér eru eftirfarandi merkingarvensl algeng:

(27) a. undirheiti
gafl fótagafl, höfðagafl
b. yfirheiti
bandprjónn prjónn
c. andheiti
vörn sókn
d. hlutheiti
brot nefnari, teljari

Einnig sambönd eins og lýst er í (24a):

(28) a. **pepilrás** pöpulrás
b. **fögnuður** fagnaður

Vísanir eru því tengdar flettunni á ólíkan hátt og ekki er alltaf ljóst af hverju eitt orð er skráð sem vísun en annað ekki. Af hverju er til dæmis *pöpulrás* í (27a) vísun en *snjár* í (23a) jafnheiti? Það að ákveðið ósamræmi sé til staðar skýrist væntanlega að einhverju leyti af því að efni ÍO er frá mismunandi tímum. Hluti skýringanna er óbreyttur síðan í upphaflegri útgáfu ÍO frá árinu 1963, aðrar hafa verið endurskoðaðar fyrir síðari útgáfur verksins og enn öðrum bætt við. Spurning er hvort vísanir í því formi sem þær birtast í prentaðri útgáfu eigi alltaf erindi í tölvuútgáfu orðabókar. Ef núverandi uppsetning ÍO á vefnum er tekin sem dæmi, má sjá að til vinstri við skýringartextana birtist listi af tenglum sem allir vísa í flettu innan orðabókarinnar og þetta er því eins konar listi með vísunum.

4 Niðurstöður

Reynslan af þessari fyrstu útgáfu af MerkOr sýnir að hægt er að ná góðum árangri í sjálfvirkri greiningu merkingarvensla. Með frekari fínstillingu reglnanna má reikna með að árangurinn geti batnað enn frekar. Þær niðurstöður sem þegar hafa fengist mætti byrja að nýta til þess að prófa áfram notendaviðmót og leitarmöguleika ÍO á netinu þó

ljóst sé að nokkur fjöldi orða sé tengdur merkingarvenslum við röng orð.

	alls	heimt
merkingarliðir	77.348	96,45%
skýringarhlutar	106.972	92,61%

Tafla 1: Heimt MerkOr úr skýringartextum nafnorðafletta *Íslenskrar orðabókar*

Þar sem hver merkingarliður flettu er greindur sjálfstætt er fjöldi merkingarliða notaður sem viðmiðun en ekki fjöldi flettna. Hver merkingarliður getur svo samanstaðið af tveimur eða fleiri skýringarhlutum en hver skýringarhluti myndar eigið orðflokkamynstur sem er grundvöllurinn fyrir greiningu merkingarvensla. Eins og sjá má í töflu 1 hafa fundist merkingarvensl við 96,45% allra merkingarliða en það þýðir að við stærsta hluta merkingarliða nafnorðaflettna er hægt að setja vísun í orð sem stendur í merkingarvenslum við flettuna. Þessi tala er mikilvæg fyrir hönnuði og höfunda orðabókarinnar til þess að sjá hve algengt það er að fletta hafi vísun í merkingarlega tengt orð.

Hin talan, hlutfall greindra mynstra, sýnir hve hátt hlutfall orðflokkamynstra hlaut greiningu. Með því að skoða þau mynstur sem MerkOr hafnar mætti annars vegar bæta hönnun tólsins og hins vegar benda á aðra möguleika til þess að orða skýringar. Skýringarnar verða þó alltaf skrifaðar með notendur efst í huga og því er ekki við því að búast að hægt verði að greina allt vélrænt.

	fjöldi merkingarliða	hlutfall
rétt greining	786	82,13%
ófullnægjandi greining	121	12,64%
röng greining	50	5,22%

Tafla 2: Niðurstöður prófunar (prófunarsett: 1034 merkingarliðir sem greindir voru handvirkt)

Prófunarsettið er tilviljunarúrtak heildargagnanna, um 1,34%. Þessir 1034 merkingarliðir voru greindir handvirkt og síðan keyrðir saman við niðurstöður úr MerkOr. Ef merkingarliður telst rétt greindur þýðir það að MerkOr fann öll merkingarvensl sem greind voru handvirkt

og ekki fleiri. Þegar MerkOr finnur eingungis hluta þeirra merkingarvensla sem greind voru handvirkt en greinir þó ekkert rangt er um ófullnægjandi greiningu að ræða. Samanlagt voru því 94,77% allra greindra merkingarliða villulausir. Rangt greindur er hver sá merkingarliður þar sem MerkOr greinir að minnsta kosti eitt rangt orð eða röng merkingarvensl, jafnvel þó hluti greiningarinnar sé réttur. Þessi aðferð prófunar var valin þar sem mikilvægt er fyrir höfunda ÍO að vita hve hátt hlutfall merkingarliða gætu haft rangt greind merkingarvensl til þess að meta hvort bæta eigi niðurstöðunum hráum inn í ÍO. Mögulegt væri einnig að gera villutölfræðina eftir flettum eða mynstrum en þær tölur gæfu ekki nógu nákvæma mynd af því hve margir merkingarliðir væru rangt greindir.

4.1 Helstu vandamál

Algengasta ástæða rangt greindra merkingarvensla eru villur í greiningu markarans. Nákvæmni markarans var ekki prófuð enda leiða ekki allar villur markarans til rangrar greiningar merkingarvensla og þar af leiðandi er ekki beint samband þar á milli. Í sumum tilvikum voru reglur MerkOr einnig lagaðar að villum markarans til þess að ná betri árangri. Eins og Þórdís Úlfarsdóttir bendir á (2006:141) er í „þessum stuttu textum [orðabókarskýringanna] lítið setningarlegt samhengi fyrir markarann að styðjast við“[8]. Árangur markarans er engu að síður ágætur eins og sjá má af því að villur, sem leiða til rangt greindra merkingarvensla, eru aðeins um 2% af prófunarsettinu.

Lýsingarorð eru oft greind sem nafnorð og MerkOr greinir þau þar af leiðandi sem yfirheiti:

(29) **bylgusa** skammvinn hríð, snjógangur [...]

Hér er greining markarans sú að *skammvinn* sé nafnorð og niðurstaða MerkOr var YFIRHEITI (bylgusa, skammvinn) í staðinn fyrir YFIRHEITI (bylgusa, hríð), EIGINLEIKI (bylgusa, skammvinn).

Önnur tegund af villum er þegar vensl eru út af fyrir sig rétt greind en gefa samt sem áður engar nothæfar upplýsingar. MerkOr útilokar nokkur slík orð við greininguna en lista yfir þessi orð þarf að lengja. Dæmi um slík orð úr niðurstöðum prófunarinnar:

[8] Þórdís Úlfarsdóttir fjallar í grein sinni um mörkun orðasambanda og tekur einnig dæmi um mörkun orðabókartexta.

(30) a. **bulla** svipuð stöng í vél eða dælu
EIGINLEIKI (bulla, svipuð)
b. **spaði** þannig lagað kvenhöfuðfat
EIGINLEIKI (spaði, lagað)

5 Form skýringartexta

Í sambandi við form skýringatexta eru tveir meginþættir sem þarf að athuga: Hvaða form eru vel eða illa til þess fallin að greina þau vélrænt og hvaða form eru algengust í nafnorðaskýringum ÍO. Nákvæmri greiningu er ekki lokið en hér verður bent á nokkur dæmi. Hafa ber í huga að tölurnar eru byggðar á niðurstöðum markarans og verður því að lesa þær með þeim fyrirvara að greining hans er ekki alltaf rétt. Eins og sést í töflu 1 hér að ofan er heildartala skýringarhluta 106.977. Flestir þeirra hefjast á nafnorði, alls 73.290 og þar af eru 35.158 einungis eitt nafnorð. Upptalning á nafnorðum eru 6.913 skýringarhlutar og 26.085 skýringarhlutar passa við mynstrið nafnorð_komma_frekari skýring. Önnur mynstur eru til dæmis nafnorð_atviksorð_nafnorð og nafnorð_eignarfallseinkunn. Í skýringarhlutum, sem hafa mynstur sem hefst á nafnorði, er yfirleitt að finna samheiti eða yfirheiti og eru þær því vel fallnar til greiningar merkingarvensla. Sem stendur er litið fram hjá því sem stendur í svigum og því eru skýringar eins og eftirfarandi ekki greindar:

(31) **handaburður** handa- (og handleggja)hreyfing(ar)

Önnur form skýringarhluta, sem skila áreiðanlegum niðurstöðum, eru form sem hefjast á lýsingarorði. Alls eru slík mynstur í nafnorðaskýringum ÍO 14.684 talsins, þar af kemur mynstrið lýsingarorð_nafnorð 5.672 sinnum fyrir. Þessi mynstur skila yfirleitt merkingarvenslunum eiginleika og yfirheiti. Að síðustu má nefna mynstur sem hefjast á fornafni en þau eru 7.362 talsins. Úr þessum mynstrum eru það fyrst og fremst merkingarvenslin tengd sögn (*það að X*) og orðið *maður* sem yfirheiti (*sá / sú sem...*) sem koma til greina.

Auk skýringarhluta eins og í (17) *það að unga út eggjum*, eru ýmiss konar form skýringa sem ekki er hægt að greina með tilliti til merkingarvensla:

(32) a. **horgemlingur** einnig um horað fólk
b. **umritun** um að venjulegum orðum er skipt út fyrir ný orð [...]

Þetta þýðir þó ekki endilega að engin merkingarvensl finnist fyrir viðkomandi merkingarlið flettu. Til dæmis skila aðrir skýringarhlutar viðkomandi merkingarliðs fyrir flettuna *umritun* (*það að umrita* og *umorðun*) merkingarvenslum TENGT_SO (umritun, umrita) og JAFNHEITI (umritun, umorðun).

Notkun sviga í skýringatextum skapar oft vandamál í vélrænni greiningu. Svigar eru oft notaðir til þess að draga fram atriði sem skýra merkingu orðsins betur eða til þess að benda á atriði sem yfirleitt (en ekki endilega alltaf) tilheyra merkingu orðsins. Herbst og Klotz benda á að innihald sviga skýri betur viðkomandi „Prototyp“ (2003:36). Eins og er er það sem stendur í svigum ekki tekið með í greiningu MerkOr og þær skýringar sem hefjast á sviga eru í heild sinni látnar eiga sig. Þetta verður þó skoðað betur í áframhaldandi þróun tólsins.

Í skýringum ÍO er að finna „margvíslegt misræmi“ (Mörður Árnason 1998:4) sem skýrist, eins og áður sagði, af sögu bókarinnar og af því hvernig hún hefur verið unnin. Notkun sviga er eitt af því sem þyrfti að vera skýrt skilgreint við endurskoðun skýringatexta ef auðvelda á vélræna greiningu. Í inngangi þriðju útgáfu *Íslenskrar orðabókar* eru skýringar um notkun tákna og greinimerkja. Þar segir: „Svigar eru notaðir í dæmum um uppflettiorð þannig að það sem er innan þeirra getur komið í stað þess sem stendur á undan (einnig notaðir á hefðbundinn hátt í skýringartextum, þ.e. um upplýsingar sem eru til nánari útskýringar á einhvern hátt).“ (*Íslensk orðabók* 2002: xiii). Dæmi um sviganotkun, sem hefur áhrif á núverandi greiningu MerkOr, eru lýsingarorð í sviga í upphafi skýringarhluta. Í eftirfarandi dæmum eru skýringarhlutar með lýsingarorðinu *lítill* skoðaðir. Það liggur í eðli lýsingarorða að þau eru til nánari skýringar og því fellur það hlutverk svigans niður. Annað hlutverk svigans, að innihald hans geti komið í stað orða utan svigans, virðist ekki vera algengt.

(33) a. **smástrákur** (lítill) ungur drengur
b. **stráklingur** lítill, ungur drengur
c. **prammi** (lítill eða) stór flatbotna bátur [...]
d. **sproti** (lítill eða allvænn) silungur
e. **sprotasilungur** (lítill) silungur
f. **branda** (lítill) fiskur
g. **skítseiði** lítill fiskur

Í (33a) gæti *smástrákur* þýtt til dæmis a. *lítill og ungur drengur*, b. *lítill eða ungur drengur* (orð í sviga kemur í stað orðs utan hans) eða c. *ungur drengur, yfirleitt lítill.* Til samanburðar má líta á skýringuna við *stráklingur* og leiða að því getur að sviginn í (33a) sé í raun óþarfur. Í (33c) virðist lýsingarorðunum vera ofaukið því væntanlega getur *prammi* líka lýst bát sem hvorki er stór né lítill, *flatbotna* er hér lýsingarorðið sem skiptir máli. Sama á við í (33d) en hér er sviginn settur utan um bæði lýsingarorðin. Í greiningu merkingarvensla getur komið til mótsagna þegar skýringar eru orðaðar á þennan hátt: EIGINLEIKI (prammi, lítill), EIGINLEIKI (prammi, stór). Eins og áður segir er þessum skýringum sleppt í greiningunni eins og er. Annað dæmi um sviganotkun er þegar yfirheiti og undirheiti er í raun skeytt saman: *(ára)bátur, (vín)sopi* eða orðum eins og *breyting – tilbreyting: (til)breyting, skipti – umskipti (um)skipti*. Þetta skapar ákveðin vandamál við vélræna greiningu þar sem textanum er skipt upp í tóka fyrir mörkun. Þá stendur eitt orð eða eitt greinamerki í hverri línu. Fyrir orðið *(til)breyting* lítur það svona út:

(
til
)
breyting

Ekki er lengur hægt að sjá hvort orð í sviga tilheyra eftirfarandi orði (eins og í dæmunum hér á undan), undanfarandi orði eða eru sjálfstæð orð. Mögulega er hægt að skrifa reglur sem leysa úr þessu en það hefur ekki verið kannað til hlítar.

Þó hér hafi verið bent á dæmi um form skýringartexta, sem skapa vandamál við vélræna greiningu, er rétt að benda aftur á að 92,61% skýringarhlutanna voru greindir af MerkOr (sjá töflu 1).

6 Lokaorð

Í þessari grein var lýst tilraun til sjálfvirkrar greiningar merkingarvensla í *Íslenskri orðabók*. Greiningartólið MerkOr, sem þróað var í þessum tilgangi, greindi merkingarvensl milli nafnorðaflettna og orða úr skýringartextum þeirra. Alls voru greind merkingarvensl í 74.633 merkingarliðum sem jafngildir 96,45% heildargagnanna. Nákvæmni í prófunarsetti var 82,13% ef einungis eru taldir merkingarliðir sem hlutu fullnægjandi greiningu en 94,77% ef allir merkingarliðir eru meðtaldir sem voru greindir villulaust. Þessar tölur benda til þess að með áframhaldandi þróun aðferðarinnar væri hægt að ná mjög góðum árangri.

Tenging á milli flettna og orða, sem standa í merkingarvenslum við þær, býður upp á margvíslega möguleika við uppsetningu orðabóka á tölvutæku formi. Einnig verður notagildi orðabókarinnar margþættara og má nefna sem dæmi að með hjálp niðurstaðna MerkOr er hægt að fá lista yfir allar löggildar iðngreinar sem er lýst í ÍO.

Stefnan í áframhaldandi þróun MerkOr er þríþætt: a. að kanna forsetningarliði í skýringartextum með það í huga að greina fleiri merkingarvensl, b. að kanna möguleikana á greiningu merkingarvensla fyrir sagnorðaflettur og lýsingarorðaflettur og c. að kanna hvort ekki sé hægt með lítilli fyrirhöfn að greina aðrar orðabækur og uppflettirit með aðstoð MerkOr.

Heimildir

Agirre, Eneko o. fl. 2000. *Extraction of semantic relations from a Basque monolingual dictionary using Constraint Grammar*.
http://arxiv.org/abs/cs.CL/0010025. sótt: 21.01.2005

Alshawi, Hiyan. 1987. Processing Dictionary Definitions with Phrasal Pattern Hierarchies. *Computational Linguistics* Vol. 13, Nr. 3–4: 195–202.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls. Á vefsíðu Orðabókar Háskólans:
http://www.lexis.hi.is/beygingarlysing/

BÍN = *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls.*

Cruse, Alan. 1986. *Lexical Semantics.* Cambridge: Cambridge University Press.

Geyken, Alexander og Rainer Ludwig. 2003. *Halbautomatische Extraktion einer Hyperonymiehierarchie aus dem Wörterbuch der deutschen Gegenwartssprache*.
www.dwds.de/help/pages/ExtrHyp.pdf. sótt: 28.05.2005

Herbst, Thomas og Michael Klotz. 2003. *Lexikografie.* Paderborn: Ferdinand Schöningh.

ÍO = *Íslensk orðabók*.

Íslensk orðabók. 2002 (3. útgáfa). Ritstjóri: Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
Jón Hilmar Jónsson. 2005. Aðgangur og efnisskipan í íslensk-erlendum orðabókum — vandi og valkostir. *Orð og tunga* 7: 21–40.
Kristín Bjarnadóttir. 1998. Um skýringarorðaforðann. *Orð og tunga* 4: 33–43.
Mörður Árnason. 1998. Endurútgáfa „Íslenskrar orðabókar". Stefna — staða — horfur. *Orð og tunga* 4: 1–8.
Storrer, Angelika. 2001. Digitale Wörterbücher als Hypertexte: Zur Nutzung des Hypertextkonzepts in der Lexikographie. Í: Ingrid Lemberg, Berhard Schröder og Angelika Storrer (ritstj.). *Chancen und Perspektiven computergestützter Lexikographie,* bls. 53–69. Tübingen: Max Niemeyer.
Svensén, Bo. 1993. *Practical Lexicography. Principles and Methods of Dictionary-Making.* Oxford/New York: Oxford University Press.
Vefbækur Eddu: Íslensk orðabók; Ensk orðabók: edda.is/vefbaekur. sótt: 31.08.2006
Þórdís Úlfarsdóttir. 2006. Málfræðileg mörkun orðasambanda. *Orð og tunga* 8: 117–144.

Lykilorð

merkingarfræði orða, merkingarvensl, orðabókaskýringar, orðflokkamynstur

Keywords

lexical semantics, semantic relations, dictionary definitions, POS-patterns

Abstract

In the design of electronic dictionaries it is possible to organize the information due to the meaning of the lexems. In this article a method for automatic extraction of semantic relations from dictionary definitions is demonstrated. Definitions of all noun lexems of a monolingual Icelandic dictionary, *Íslensk orðabók*, were analyzed. First, the definitions were tagged with Brants TnT-tagger which had been trained on an Icelandic corpus. From the tagged data the POS-patterns of the definitions were extracted and rules for extracting the semantic relations were developed. The rule algorithm was implemented in Smalltalk, resulting in the tool MerkOr. The results of the analyzis were promising. The test was made with a random set of lexemes, about 1,34% of the data. For each lexeme the result could be completely right, that is all semantic relations from the reference data was found in the analyzis of MerkOr, or it could be partly right, that is MerkOr did not find every relation compared to the reference data, but did nevertheless not extract any wrong word or relation. The precision was 82,13% (completely right analyzed) up to 94,77% (completely right plus partly right).

Anna Björk Nikulásdóttir
Seminar für Computerlinguistik
Ruprecht Karls-Universität Heidelberg
anna.b.nik@gmx.de

Ásta Svavarsdóttir

Talmál og málheildir — talmál og orðabækur

1 Inngangur

Tilkoma rafrænna texta og textasafna hefur hleypt nýju lífi í rannsóknir á ýmsum sviðum málvísinda og gert mögulegt að kanna þætti í máli og málnotkun sem illmögulegt er að rannsaka án aðgangs að slíkum söfnum. Innan *gagnamálfræði* (e. corpus linguistics) er m.a. fengist við tíðnirannsóknir á orðum, orðmyndum, orðasamböndum, setningagerðum o.fl. og niðurstöðurnar hafa orðið grundvöllur að lýsingu og samanburði á textum og textategundum (sjá t.d. Biber, Conrad & Reppen 1998:1 o.áfr., Teubert 2004:96 o.áfr.). Einnig hafa rafræn textasöfn valdið róttækum breytingum á sviði orðfræði og orðabókafræði og slík söfn eru orðin ein mikilvægasta undirstaðan undir gerð orðabóka. Þar nýtast þau bæði við efnissöfnun og efnisval og við greiningu á merkingu og notkun orða og orðasambanda (sjá t.d. Landau 2001:296 o.áfr.). Á undanförnum áratugum hafa verið gefnar út orðabækur sem byggja einungis á slíkum söfnum, s.s. ensku COBUILD-orðabækurnar (Sinclair 1987).

Rafræn textasöfn eru nú til fyrir fjöldamörg tungumál. Flest eru þau samtímaleg og geyma einkum texta úr nútímamáli. Einnig hafa verið sett saman söfn með eldri textum, bæði söfn sem ná yfir texta frá ýmsum tímum og sérhæfð textasöfn fyrir ákveðin tímabil. Nærtækt dæmi um það síðartalda eru *Íslendinga sögur* (1996) sem gefnar hafa

Orð og tunga 9 (2007), 25–50.

verið út á rafrænu formi, bæði textinn í heild (útgáfa Svarts á hvítu) og orðstöðulykill sem unninn er upp úr honum. Eiríkur Rögnvaldsson (1990, 1996 o.v.) hefur fjallað um gerð hans og nýtingu, þ.á m. við orðabókagerð, og hann hefur nýtt þennan efnivið ásamt fleiri textum í rafrænu formi til ýmissa rannsókna (sjá t.d. Eiríkur Rögnvaldsson 1994–5, 2002).

Í greininni verður fjallað um gerð stórra rafrænna málsafna sem ætluð eru til margvíslegra verkefna, einkum hagnýtra og fræðilegra rannsókna í málvísindum og tungutækni. Mest er fjallað um samsetningu slíkra safna, einkum val á textum. Sérstök áhersla er lögð á hlut óútgefins efnis, bæði óformlegra ritmálstexta af ýmsu tagi og efnis úr talmáli. Rætt er um gildi þess að málsöfn rúmi slíkt efni ekki síður en fjölbreytilega ritmálstexta og jafnframt er gerð grein fyrir ýmsu sem greinir söfnun, úrvinnslu og frágang talmálsefnis frá efnisöflun úr ritmáli. Um þessi atriði fjalla annar og þriðji kafli greinarinnar, sá fyrri um svonefndar *málheildir* (e. corpus) almennt, samsetningu þeirra og notagildi, en hinn síðari um hlut talmálsins í slíkum söfnum og um öflun og úrvinnslu talmálsefnis. Í fjórða kafla er sjónum svo beint að orðabókum, hlutverki talmálsefnis við gerð þeirra og áhrifum sem slíkt efni getur haft á orðlýsinguna.

Greinin á rætur að rekja til aðildar höfundar að tveimur stórum verkefnum sem nú er unnið að. Annað þeirra er *Mörkuð íslensk málheild* (MÍM) [1] sem er í smíðum við Orðabók Háskólans (nú orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum). Hitt er rannsóknarverkefnið *Tilbrigði í setningagerð*[2] en einn þáttur þess beinist að því að draga saman og ganga frá textum úr talmáli til notkunar í rannsókninni. Þótt verkefnin séu ólík fela þau bæði í sér viðamikla efnissöfnun og samvinna hefur tekist milli þeirra um samnýtingu á gögnum og verkaskiptingu við öflun þeirra og úrvinnslu til hagsbóta fyrir bæði verkefnin. Stór hluti talmálsefnisins er reyndar fenginn úr eldri verkefnum og sumarið 2006 var unnið að söfnun óformlegra rit-

[1] Verkefnið er unnið fyrir styrk úr tungutækniáætlun Menntamálaráðuneytisins undir stjórn Sigrúnar Helgadóttur (sjá nánar: http://www.lexis.hi.is/malheild.htm).

[2] Verkefnisstjóri er Höskuldar Þráinsson. Að verkefninu stendur hópur málfræðinga við Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Orðabók Háskólans) og Kennaraháskóla Íslands. Verkefnið tengist stærra norrænu verkefni, *ScanDiaSyn* (Scandinavian Dialect Syntax; sjá: http://uit.no/scandiasyn/scandiasyn/). Íslenska rannsóknin nýtur öndvegisstyrks frá Rannís 2005–2007.

málstexta í verkefninu *Blogg og bréfaskriftir. Óútgefin skrif Íslendinga*[3]. Síðar er ætlunin að fella þann efnivið inn í MÍM og hann nýtist líka ágætlega í tilbrigðarannsókninni. Samvinnan teygir því anga sína í ýmsar áttir og það er m.a. tilgangur minn með greininni að hvetja sem flesta til samstarfs um efnisöflun og gagnavinnslu.

2 Textasöfn og málheildir

Textasafn er hér notað um hvers kyns söfn rafrænna texta en hugtakið *málheild* (d. korpus, e. corpus) er aftur á móti haft um textasöfn með völdum textum sem hafa verið greindir málfræðilega auk þess að gengið er frá textunum á ákveðinn hátt (sbr. Sigrún Helgadóttir 2004a:67). Biber, Conrad & Rippen lýsa muninum á textasafni og málheild þannig: „A corpus is not simply a collection of texts. Rather, a corpus seeks to represent a language or some part of a language“ (1998:246). Til að tiltekið safn rafrænna texta geti kallast málheild þarf það m.ö.o. að uppfylla ákveðin skilyrði og eru þau helstu talin upp í (1).

(1)
1. Textasafnið þarf að vera skipulega samansett miðað við fyrirfram ákveðnar forsendur sem miða að því að safnið geti talist endurspegla málið eða afmarkaðan hluta þess á tilteknum tíma eða tímabili.
2. Textarnir þurfa að vera greindir m.t.t. ýmissa málfræðilegra atriða og markaðir á skipulegan hátt.
3. Upplýsingar um uppruna og eðli textanna þurfa að liggja fyrir og vera skráðar á skipulegan hátt.
4. Umbúnaður safnsins þarf að vera þannig að auðvelt sé að leita í því og nýta það til margvíslegra fræðilegra og hagnýtra verkefna.
5. Upplýsingar um gerð og samsetningu safnsins þurfa að vera aðgengilegar.

Með hugtakinu *markaður* (e. tagged) í lið (1)2 er átt við það að hvert einstakt lesmálsorð hafi verið greint m.t.t. tiltekinna málfræðiatriða, oftast orðflokks og beygingarmyndar, og tengt við ákveðið uppflettiorð (lemmu eða les). Með því móti er gerður greinarmunur á tví- eða

[3]Eyrún Valsdóttir vann að þessu verkefni sumarið 2006 undir stjórn Sigrúnar Helgadóttur og Ástu Svavarsdóttur, m.a. fyrir styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

margræðum orðmyndum þannig að t.d. sé ljóst hvort *langar* sé birtingarmynd so. *langa* eða lo. *langur* og hvort *vinna* sé nafnorð eða sögn. Mörkunin gerir notendum jafnframt mögulegt að leita að dæmum og flokka þau eftir málfræðilegum einkennum óháð orðunum sem þau birtast í (sjá dæmi um þetta í grein Eiríks Rögnvaldssonar í þessu hefti). Mörkun stórra textasafna er unnin vélrænt með ákveðnum aðferðum en slík úrvinnsla verður ekki rædd frekar hér (sjá um það efni t.d. Sigrún Helgadóttir 2004b og grein hennar í þessu hefti). Ekki verður heldur fjallað um ýmis tæknileg atriði varðandi frágang slíkra safna, sbr. lið (1)4.[4]

Þegar allt er talið eru til talsvert mörg textasöfn með íslenskum textum en þau eru misstór og mjög mismunandi að innihaldi og umbúnaði. Einungis hluti þeirra er öllum opinn og hin eru misaðgengileg til nota í málrannsóknum. Auk eiginlegra textasafna má nefna að veraldarvefurinn er í vaxandi mæli notaður sem n.k. textasafn með hjálp leitarvéla eins og *Google* eða *Emblu*. Stærsta afmarkaða safnið með íslenskum textum er án efa *Textasafn Orðabókar Háskólans* sem lengi hefur komið að góðum notum við orðabókagerð og rannsóknir en það geymir nú um 60 milljónir lesmálsorða. Aðgangur að safninu í heild er takmarkaður við starfsfólk stofnunarinnar og aðra sem fengið hafa sérstakt leyfi til að nota það. Önnur stór og gagnleg íslensk textasöfn eru t.d. *Gagnasafn Morgunblaðsins* og *Lagasafnið* sem bæði eru aðgengileg á vefnum og opin til leitar að orðum eða orðhlutum.

Ekkert ofangreindra safna getur þó talist vera málheild í þeim skilningi sem hér er lagður í hugtakið, hvorki hvað varðar innihald né umbúnað. Í rauninni fullnægir bara eitt textasafn með íslensku nútímamáli flestum þeim skilyrðum sem talin eru í (1) og það er textasafnið sem lagt var til grundvallar við gerð *Íslenskrar orðtíðnibókar* (1991). Safnið er lítið á nútímamælikvarða (um 500 þúsund orð) en það er sett saman úr textabrotum af tiltekinni gerð og í ákveðnum hlutföllum (sbr. (1)1), textarnir eru fullmarkaðir m.t.t. orðflokks og beygingar (sbr. (1)2) og í formála bókarinnar er gerð ítarleg grein fyrir samsetningu safnsins (sbr. (1)3 og 5). Aftur á móti er safnið ekki að fullu

[4]Benda má á grein Renouf (1987) þar sem lýst er gerð málheildarinnar sem lögð var til grundvallar COBUILD og tekið á ýmsum þáttum sem varða innihald hennar, efnisöflun, frágang og umbúnað textanna. Einnig á heimasíðu BNC (British National Corpus) þar sem finna má skýrslur og greinagerðir um flest það sem lýtur að gerð þeirrar málheildar.

aðgengilegt til leitar (sbr. (1)4) en það stendur til bóta.[5] Textasafn Íslendingasagna, sem áður hefur verið nefnt, getur líka kallast málheild í þeim skilningi að það nær til allra tiltækra texta af tilteknu tagi og þeir hafa verið greindir m.t.t. uppflettiorðs og orðflokks (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1990), upplýsingar um gerð safnsins liggja fyrir og það er aðgengilegt til leitar, því það hefur bæði verið gefið út á geisladiski (*Íslendinga sögur* 1996) og á vefsetri Eddu útgáfu undir nafninu *Sagnalykill*.

Víkjum nánar að samsetningu málheilda. Tiltölulega litlar málheildir sem taka til skýrt afmarkaðs sviðs fela sumar í sér alla texta sem um er að ræða og gefa þar með heildarmynd af málinu á viðkomandi sviði. Þetta eru einkum sérhæfðar málheildir sem spanna t.d. ákveðna textategund eða tiltekið tímabil í sögu málsins sem tiltölulega fáir textar tilheyra. Sem dæmi um söfn af þessu tagi eru íslenska lagasafnið og textasafn Íslendingasagna[6] sem áður eru nefnd (þótt hvorugt þeirra geti talist fullgild málheild m.t.t. áðurgreindra viðmiða). Málið vandast hins vegar í málheildum sem er ætlað að endurspegla málnotkun á sviði sem útilokað er að ná utan um í heild sinni, t.d. málheild með íslensku ritmáli á 20. öld eða íslensku samtímamáli. Í slíkum tilvikum verður að velja hæfilegt magn úr öllum þeim textum sem völ er á með það markmið í huga að efniviðurinn sé dæmigerður fyrir málnotkun almennt og endurspegli málið innan þess ramma sem málheildinni er settur.

Mikið hefur verið rætt og ritað um val á textum þannig að málheildir birti eðlilegt þversnið af því tungumáli sem þær geyma. Forsenda þess að draga megi almennar ályktanir um mál og málnotkun af niðurstöðum rannsókna sem byggðar eru á tiltekinni málheild er að samsetning hennar endurspegli raunverulega málnotkun í öllum sínum fjölbreytileika (sjá t.d. Teubert & Čermáková 2004:112–118, Biber, Conrad & Reppen 1998:246–250 og Landau 2001:323 o.áfr.). Hér

[5]Sumarið 2006 vann Sigríður Andrea Ásgeirsdóttir að því undir stjórn Sigrúnar Helgadóttur að ganga þannig frá textasafninu að hægt sé að leita í því með hugbúnaðarpakkanum Xaira. Að því búnu getur bæði textinn sjálfur og mörkin nýst að fullu. Ef leyfi fæst frá rétthöfum textanna er ætlunin að opna aðgang að safninu í því formi á vefsíðu stofnunarinnar. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

[6]Hér er horft fram hjá textafræðilegum atriðum varðandi form textanna. Textarnir í safninu eru allir með nútímastafsetningu og það takmarkar notkun þess við atriði þar sem ritháttur skiptir litlu máli. En það dugar t.d. ágætlega við rannsóknir á tíðni orða, orðaröð og setningagerð í fornu máli, a.m.k. í máli sagnanna.

koma ýmis sjónarmið til álita: Á textavalið fyrst og fremst að beinast að því sem er gefið út, birt eða flutt opinberlega, t.d. í bókum, blöðum og öðrum fjölmiðlum? Eða á jafnframt að taka með ýmiss konar óútgefin skrif, s.s. sendibréf og tölvuskeyti, og óopinbert eða hálfopinbert talmál, t.d. samtöl og viðræður á lokuðum fundum? Hvernig á að ákvarða hlutfall mismunandi texta? Á hlutfall mismunandi texta að miðast við hlutfallslega skiptingu þess sem er gefið út eða birt opinberlega á tilteknu tímabili eða á líka að taka tillit til þess að útbreiðsla texta og textategunda er mismikil? Dagblöðum er t.d. dreift til þúsunda áskrifenda dag hvern en margar bækur og tímarit höfða til þröngs hóps og slíkir textar eru bara lesnir af fáeinum tugum eða hundruðum málnotenda. Og hvaða mælistiku er hægt að leggja á eðlilegt hlutfall milli opinberlega útgefins efnis og efnis sem tilheyrir einkalífi fólks og daglegum samskiptum? Slíkar vangaveltur eru gagnlegar og þeir sem setja saman málheildir verða að velta slíkum spurningum fyrir sér en þegar kemur að því að safna textum vega ýmis hagnýt atriði ekki síður þungt. Þar má einkum nefna það hversu auðvelt er að nálgast texta af ákveðnu tagi, hvort leyfi fæst til að nota þá og hversu mikil vinna felst í öflun textanna og úrvinnslu þeirra. Almennt séð munu þó flestir sammála um mikilvægi eftirfarandi atriða þegar í hlut eiga málheildir til almennra nota (stundum nefndar *reference corpus* á ensku): (1) að það tímabil og þau svið málsins sem málheildinni er ætlað að spanna (m.t.t. textategunda, efnis, uppruna o.þ.h.) séu skýrt afmörkuð; (2) að samsetning safnsins sé skipulögð fyrirfram, þ.m.t. hlutfall texta af hverri gerð, og að fjölbreytni safnsins sé sem best tryggð; og (3) að það sé gerð nákvæm grein fyrir afmörkun og innihaldi málheildarinnar þannig að notendur geti sjálfir metið hvort og hvernig hún nýtist þeim og hvaða ályktanir þeir geti leyft sér að draga af niðurstöðum sínum.

Eins og fram hefur komið er tekið tillit til ýmissa þátta við val á textum og flokkun þeirra. Einn þeirra er uppruni textanna og Tafla 1 sýnir samsetningu bresku málheildarinnar BNC (British National Corpus) eftir uppruna. Hún sýnir m.a. að talmálstextar eru minna en fimmtungur af BNC. Hlutur talmálsins er því áberandi lítill miðað við ritmál og að því leyti endurspeglar málheildin tæplega almenna málnotkun. Þetta er þó einkenni á velflestum almennum málheildum og ástæður þessa ójafnvægis verða ræddar í þriðja kafla.

Ritmál		**83%**
Bækur, blöð og tímarit	73%	
Ýmislegt ritmál (útgefið og óútgefið)	8%	
Til upplestrar (ræður, handrit o.fl.)	2%	
Talmál		**17%**
Persónuleg samtöl	10%	
Talað mál við ólíkar aðstæður	7%	

Tafla 1 Hlutfall texta í BNC eftir uppruna þeirra (Burnard 2000)

Í ritmálshluta BNC eru 75% nytjatextar (e. non-fiction) af ýmsu tagi og á ýmsum sviðum en 25% textanna eru skáldverk (e. fiction). Flestir textarnir eru yngri en frá 1975. Með hverjum texta eru skráðar upplýsingar um atriði eins og efni hans, höfund, (ætlaðan) lesendahóp o.fl. og því má flokka textana og leita í þeim eftir slíkum atriðum. BNC er ein af helstu fyrirmyndum íslensku málheildarinnar (MÍM) og gert er ráð fyrir að samsetning hennar verði svipuð m.t.t. textategunda og hlutfallsins milli þeirra. Íslenska málheildin verður þó miklu minni en sú breska því áætlað er að MÍM verði um 25 milljónir lesmálsorða á móti 100 milljónum lesmálsorða í BNC. Til samanburðar má nefna að í textasafni *Íslenskrar orðtíðnibókar* (500 þúsund orð) eru skáldverk u.þ.b. 60% textanna (frumsamdar og þýddar skáldsögur auk barnabóka) en aðeins 40% nytjatextar. Þá eru ævisögur og endurminningar flokkaðar með nytjatextum þótt það geti orkað tvímælis og sumir textar af því tagi eigi ekki síður heima með bókmenntaverkum.

Í framhaldi af þessu er vert að líta aðeins nánar á hlutverk og notkun málheilda. Eins og áður segir er þeim fyrst og fremst ætlað að vera heimild um málið eða tiltekinn hluta þess og nýtast sem efniviður í hagnýtum og fræðilegum verkefnum. Þar má í fyrsta lagi nefna tungutækniverkefni af ýmsu tagi, ekki síst þróun og gerð tóla og hjálpargagna sem tengjast máli og málnotkun. Þar má nefna leiðréttingar- og þýðingarforrit, leitarvélar, ýmis hjálpartól fyrir fatlaða og kennsluforrit. Í öðru lagi eru málheildir mikilvæg stoð við samningu orðabóka og annarra handbóka um mál og málnotkun og við gerð kennsluefnis. Í slíkum verkefnum nýtast málheildir vel við greiningu og lýsingu á orðaforða, beygingum og setningagerð því ýmiss konar mynstur í málnotkun, t.d. orðastæður og orðasambönd, birtast mjög skýrt þegar hægt er að draga saman mikinn fjölda dæma og raða þeim innbyrðis.

Stórar málheildir gefa líka góða hugmynd um það hvað er algengt og hvað er sjaldgæft í máli og málnotkun og geta þannig stutt ákvarðanir um áherslur í kennslu og kennsluefnisgerð. Þá eru málheildir og textasöfn mikilvæg uppspretta notkunardæma um orðanotkun, setningagerðir o.fl. (sjá t.d. Landau 2001:296–323). Í þriðja lagi geta málheildir verið dýrmætur efniviður til hvers kyns málrannsókna, t.d. í málvísindum, orðabókafræði og tungutækni. Meðal þess sem lesa má úr málheildum eru ýmiss konar tíðniupplýsingar, t.d. um hlutfallslega tíðni orða og orðmynda, orðflokka, beygingarmynda og beygingarflokka, orðasambanda og setningagerða; einnig vitneskju um orðaforða tiltekinna texta og textategunda svo og vitnisburð um form, notkun og merkingu orða, orðasambanda og orðastæðna, og um setningagerðir af ýmsu tagi (sbr. Sigrún Helgadóttir 2004).

Niðurstöður tíðnirannsókna á íslensku hafa m.a. birst í *Íslenskri orðtíðnibók* (1991). Eins og áður hefur verið lýst ræðst almennt gildi niðurstaðna m.a. af því hvernig samsetningu málheildar er háttað en einnig af stærð hennar. Stærð safnsins og fjölbreytileiki textanna getur skipt verulegu máli í sambandi við orðaforða og tíðni orða. Þetta sést vel á tíðnitölum einstakra orða, t.d. eru *vúdú-iðkun* og *votviðri* jafnalgeng og útbreidd orð samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók* (1991:527) sem er eins og fyrr segir byggð á tiltölulega litlu textasafni. Þetta er vel þekkt vandamál. Ýmis önnur svið málsins hafi ekki verið rannsökuð jafn mikið á grundvelli textasafna og málheilda en gera má ráð fyrir að um þau gegni svipuðu máli, sérstaklega þar sem hinar stærri einingar málsins eiga í hlut, s.s. orðasambönd og setningagerðir, en síður varðandi beygingarfræðileg atriði eins og t.d. hlutfallslega tíðni einstakra falla.

3 Talmál og talmálsheimildir

3.1 Talmál og ritmál

Málnotendur skynja margvíslegan mun á talmáli og ritmáli og oft má heyra fullyrðingar um að eitthvað „komi bara fyrir í daglegu tali“ eða „sjáist aðallega í rituðu máli“. Þótt slíkar staðhæfingar byggi fyrst og fremst á tilfinningu fólks er ljóst að það er raunverulegur munur á dæmigerðu töluðu máli og rituðum texta sem sést vel ef borin er saman skráning á raunverulegu samtali (sjá t.d. dæmi undir (3) í kafla 3.3

hér á eftir) og samtali í skáldsögu. Hins vegar er lítið vitað um umfang og eðli þessa munar því samanburðarrannsóknir á talmáli og ritmáli eru fáskrúðugar. Það sama má segja um sambandið á milli talmáls og ritmáls ef frá eru talin tengsl framburðar og stafsetningar.

Ein þeirra spurninga sem vakna um mun talmáls og ritmáls og sambandið þar á milli er hvers eðlis munurinn sé. Er fyrst og fremst um stílmun að ræða sem birtist þá í ólíku vali á orðum og orðalagi eða er einhver formgerðarmunur á talmáli og ritmáli? Og ef svo er, í hverju felst þá þessi munur? Þetta er að verulegu leyti ókannað svið, ekki bara í íslensku heldur almennt í tungumálum, og ástæðan er ekki síst sú að heimildir um talmál hafa lengstum verið af skornum skammti. Þetta kann að þykja undarleg staðhæfing þegar haft er í huga að talmálið er sínálægt í daglegu lífi. Tal er hins vegar hverfult fyrirbrigði. Að vísu er hægt að leggja einstakar framburðarmyndir og einstök orð á minnið eða skrá þau hjá sér en til þess að hægt sé að rannsaka stærri einingar eða fá yfirlit um útbreiðslu og tíðni tiltekinna einkenna þarf að koma talinu í það form að vinna megi með það. Með vaxandi áhuga á sérkennum talmálsins hefur þetta verið gert í auknum mæli eins og talmálshlutinn af BNC ber m.a. vitni um og gagnamálfræðingar hafa staðið fyrir samanburðarrannsóknum á tal- og ritmáli á grundvelli málheilda, einkanlega í ensku. Niðurstöður sýna greinilegan stílmun milli talmáls og ritmáls. Hann birtist t.d. í mismunandi tíðni tiltekinna einkenna en rannsóknir benda jafnframt til þess að fleira spili þarna inn í, ekki síst mismunandi aðstæður og þar með málsnið, og myndin sé margbreytilegri en gefið er í skyn með einfaldri tvískiptingu milli talmáls og ritmáls (sjá t.d. Biber 1988, Finegan & Biber 2001). Á grundvelli málheilda og rannsókna á þeim hafa einnig verið gerðar mállýsingar og samdar málfræðihandbækur þar sem tekið er tillit til sérkenna talmáls ekki síður en ritmáls, a.m.k. hvað varðar ensku, og má nefna sem dæmi málfræðibækur sem gefnar hafa verið út á vegum Longman (sjá einkum Biber, Johansson, Leech, Conrad & Finegan 1999).

Íslenskt talmál hefur sáralítið verið rannsakað og þar bíða því mörg forvitnileg athugunarefni. Talað mál hefur alla tíð verið fyrirferðarmikið í einkalífi og persónulegum samskiptum fólks en vægi talmáls í opinberu lífi hefur verið vaxandi á undanförnum áratugum, m.a. vegna breytinga í fjölmiðlun þar sem mikilvægi talmiðla hefur smám saman aukist á kostnað dagblaða. Þetta kallar á það að talmál

fái aukið vægi í móðurmálskennslu og í hjálpargögnum eins og orðabókum og öðrum handbókum um mál og málnotkun. Fjöldi þeirra sem læra íslensku sem annað mál fremur en erlent tungumál kallar líka á breyttar áherslur í kennslu. Þarna er um að ræða fólk sem hefur sest að á Íslandi og lærir íslensku til að geta tekið eðlilegan þátt í samfélaginu. Fyrir slíka nemendur er mikilvægast að ná tökum á daglegu máli, töluðu jafnt sem rituðu. Rannsóknir á töluðu máli og einkennum þess eru því ekki bara fræðilega áhugaverðar heldur hafa niðurstöður slíkra rannsókna líka hagnýtt gildi því þær eru forsenda þess að hægt sé að draga fram sérkenni talmálsins á skipulegan hátt.

3.2 Heimildir um talmál

Upphaflegar áætlanir gerðu ekki ráð fyrir talmálstextum í MÍM. Slíkur efniviður liggur síður á lausu en ritmálstextar og fjárhags- og tímarammi verkefnisins leyfði ekki þá vinnu sem öflun og úrvinnsla slíkra texta krefst. Þó var ljóst að þeir myndu auka mjög gildi verksins þar sem talmálsefni er forsenda fyrir því að málheildin gefi raunsanna mynd af íslensku samtímamáli. Það rættist þó úr þegar samvinna tókst á milli MÍM og tilbrigðaverkefnisins um samnýtingu á textum og verkaskiptingu við öflun þeirra og úrvinnslu. Nú er fyrirsjáanlegt að í íslensku málheildinni verði talmálshlutinn 2–3% af safninu. Þetta er mun lægra hlutfall en í BNC en þótt hlutfallið sé lágt er talmálsefnið samt rúmlega 500 þúsund lesmálsorð, þ.e.a.s. heldur meira en allt safnið sem orðtíðnibókin byggir á.

Almennt séð verður að gera sömu kröfur um fjölbreytileika texta úr talmáli og ritmáli en viðmiðin eru að nokkru leyti önnur. Helstu tegundir talmálstexta eru samtöl, viðtöl og eintöl, t.d. ræður og fyrirlestrar, og málsnið talmálstexta er mismunandi eftir aðstæðum og málumhverfi. Ólíkt ritmálstextum sem flestir eru verk eins höfundar eru þátttakendur í samtölum og viðtölum fleiri. Fjöldi þeirra og innbyrðis tengsl hafa áhrif á málsniðið, t.d. það hvort viðmælendur þekkjast vel eða eru ókunnugir; einnig getur aldur þeirra, kyn, uppruni o.fl. skipt máli. Taka þarf tillit til alls þessa við val texta þannig að málheildin endurspegli fjölbreytileika talmálsins.

Talmálshluti BNC skiptist t.d. í tvennt. Helmingur efnisins eru persónuleg samtöl frá rúmlega hundrað manns: körlum og konum á ýmsum aldri, úr ólíkum þjóðfélagshópum og frá ýmsum landshlutum.

Hinn helmingurinn eru viðtöl og eintöl sem tengjast ákveðnum sviðum þjóðlífsins: menntun og fræðslu, viðskiptum, opinberu lífi (þingræður, predikanir o.fl.) og frítíma (t.d. íþróttalýsingar) (sjá Burnard 2000). Upplýsingar um eðli, uppruna og önnur einkenni talmálstextanna eru skráðar til þess að hægt sé að sjá úr hvers konar textum tiltekin dæmi eru runnin. Þær upplýsingar gagnast líka við flokkun textanna eftir tilteknum einkennum og til þess að takmarka leit við texta af ákveðnu tagi.

Stærstum hluta talmálsefnisins sem verður hluti af MÍM er ekki safnað á vegum málheildar- og tilbrigðaverkefnanna sjálfra heldur er um að ræða endurnýtingu á efni sem var safnað í öðrum tilgangi. Íslensku textarnir eru tæplega eins fjölbreytilegir og talmálsefnið í BNC og ekki eins skipulega valdir m.t.t. efnis og notkunarsviðs. Meðal þeirra eru þó samtöl, viðtöl og eintöl karla og kvenna á ýmsum aldri og úr ýmsum áttum. Efnið sem um er að ræða er talið í (2)1-4.

(2) 1. Persónuleg samtöl sem hljóðrituð voru fyrir ÍSTAL-verkefnið[7] árið 2000 (u.þ.b. 20 klst.)
2. Viðtöl við hópa fólks sem hljóðrituð voru sumarið 2002 fyrir rannsókn á aðkomuorðum í norrænum málum (MIN)[8] (u.þ.b. 10 klst.)
3. Umræður á Alþingi[9] frá árunum 2004 og 2005 (u.þ.b. 20 klst.)
4. Samtöl ungs fólks um ákveðið efni, ýmist við jafnaldra sína eða eldra fólk, hljóðrituð sumarið 2006[10] (u.þ.b. 4 klst.)

[7] Markmið ÍSTAL var að safna efni í íslenskan talmálsbanka til notkunar við málsrannsóknir og tungutækniverkefni af ýmsu tagi. Að verkefninu stóð hópur málfræðinga við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Orðabók Háskólans og verkefnisstjóri var Þórunn Blöndal. Verkefnið var unnið fyrir styrk úr tæknisjóði Rannís (markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál). Nánari upplýsingar um verkefnið eru á heimasíðu þess: http://www.hi.is/~eirikur/istal/ (sjá líka Þórunn Blöndal 2005:108–110).

[8] MIN var norrænt samstarfsverkefni undir stjórn Helge Sandøy. Viðtölin, sem Hanna Óladóttir og Halldóra Björt Ewen stjórnuðu, eru úr þeim hluta rannsóknarinnar sem beindist að viðhorfum málnotenda til erlendra aðkomuorða í íslensku. Upplýsingar um verkefnið er að finna á vefsíðunni http://moderne-importord.info/.

[9] Umræðurnar voru hljóðritaðar á vegum þingsins sem veitti verkefninu aðgang að þeim til nota við rannsóknar- og þróunarverkefni.

[10] Sigrún Ammendrup hljóðritaði þessi samtöl og vann úr þeim á vegum tilbrigða-

Alls er þetta nálægt 55 klukkutímum af hljóðrituðu efni sem búið var að skrá misnákvæmlega á vegum þeirra sem létu það í té.

3.3 Öflun og úrvinnsla talmálsefnis

Efnisöflun úr talmáli er um margt flóknari og kostnaðarsamari en öflun ritmálstexta sem flestir eru þegar til í rafrænu formi. Forsendan fyrir því að hægt sé að nýta talmálsefni í málheildum er að það sé hljóðritað og talmál verður heldur ekki rannsakað nema að takmörkuðu leyti nema með hljóðritun. Eðlilegt talað mál sprettur ekki síst upp í einkalífi fólks og ekki er sjálfgefið að það leyfi hljóðritun á samtölum við vini, kunningja og vinnufélaga og notkun á upptökunum til rannsókna. Það sama á við um margvísleg önnur samskipti jafnvel þótt þau séu ekki alveg eins persónuleg, s.s. það sem fram fer í skólastofu milli kennara og nemenda eða samtöl innan stofnana og fyrirtækja, t.d. milli starfsfólks og viðskiptavina eða á fundum. Auðveldara er að afla efnis sem flutt er opinberlega, t.d. í fjölmiðlum, en eitt sér gefur það mjög takmarkaða mynd af talmáli almennt. Hljóðrituninni fylgja ýmis tæknileg og aðferðafræðileg úrlausnarefni sem ekki er ástæða til að tíunda hér en snerta m.a. gæði upptökunnar og það hvernig takast má að ná fram eðlilegu tali þrátt fyrir áhrif þess að verið sé að taka það upp (þetta er hinn vel þekkti „Observer's Paradox" eða þversögn athugandans, sbr. t.d. Feagin 2002:20, Þórunn Blöndal 2005:106).

Björninn er þó engan veginn unninn þótt tekist hafi að útvega hljóðritað talmálsefni því ekki er hægt að nýta hljóðupptökurnar beint. Áður en hægt er að fella efniviðinn inn í málheild eða rannsaka tiltekin einkenni sem þar birtast þarf að umrita talið, þ.e.a.s. skrá allt sem sagt er og breyta þannig talinu í texta. Þetta er mikið nákvæmnisverk og tímafrekasti hluti úrvinnslunnar. Hægt er að fara ýmsar leiðir við umritun og hún getur verið mjög misítarleg. Mikilvægast er að skrá allt sem sagt er orðrétt eftir hljóðritinu og í réttri röð. Sjaldgæft er að talmálsefni sé umritað með hljóðritunartáknum en stundum er farin sú leið að líkja eftir tilteknum framburðaratriðum í umrituninni, skrifa t.d. *oní* ('ofan í') og *ettir* ('eftir') þar sem það á við. Íslenska talmálsefnið sem sagt var frá hér á undan (sbr. (2) í kafla 3.2) er aftur á móti skráð með hefðbundinni stafsetningu og umritunin er því ónákvæm m.t.t. framburðar og annarra hljóðþátta (áherslur, tónfall) þótt sums

verkefnisins, m.a. fyrir styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

staðar séu settar inn athugasemdir um ýmiss konar sérkenni í framburði. Á hinn bóginn þótti venjuleg stafsetning tryggja best þá stöðlun sem er nauðsynleg til að leit í efninu gangi greiðlega og skili öllum þeim dæmum sem notendur sækjast eftir. Auk orða og orðmynda eru ákveðin atriði sem varða framvindu samtalsins eða ræðunnar skráð kerfisbundið. Þar má nefna ófullgerð orð og setningar, þagnir, framígrip, skörun o.fl. Slík atriði geta skipt máli fyrir túlkun dæma, t.d. er munur á því hvort sagt er *ég dreymdi* í einni samfelldri lotu eða *ég # dreymdi* með hiki eða þögn á undan sögninni því þögnin gæti verið merki um að sá sem talar hafi ætlað að segja eitthvað annað en séð sig um hönd í miðjum klíðum.

Undir (3) er sýnt dæmi um umritun; textinn er brot af samtali úr ÍSTAL-gögnunum.

(3) *Dæmi um umritun úr* ÍSTAL[11]

A: er þetta já þetta er vélin sem G gaf þér
B: já
A: hún er ofsalega skemmtileg
B: já hún er <A>rosalega</A>
A: maður</B> ýtir bara á <B>er það ekki</B> já
B: jú bara
B: þú bara sérð og
A: halló mamma
D: <A>æðislegt</A>
A: (þessi er)</D> flott (.)
D: maður þarf líka að eiga bara svona <A1>einhverja svona bara</A1> imba sem (maður) bara <A2>smellir</A2>
A1: en svo hérna
A2: þetta er</D> bara (engi-) þetta er í rauninni enginn imbi sko <!D> því hún er með fókus og allt=

Oft er notast við venjuleg ritvinnsluforrit við skráningu talmálsefnis en einnig eru til ýmis forrit sem flýta fyrir umritun og tryggja betra samræmi í skráningu. Ef hljóðritin eru í stafrænu formi geta slík forrit yfirleitt líka tengt saman hljóð og texta með e.k. kóðun. Með því

[11] A, B og D tákna þátttakendur í samtalinu. Bókstafir innan oddklofa sýna hvar skörun eða framígrip á sér stað, t.d. sýnir strengurinn „B: já hún er <A>rosalega </A> A: maður </B> ýtir bara á" (í línu 4 og 5) að A byrjar að tala áður en B hættir og orðin "rosalega" (hjá B) og "maður" (hjá A) skarast. Svigi utan um orðmynd táknar að hún heyrist illa og því sé um n.k. tilgátu að ræða. Bandstrik í enda orðs (t.d. engi-) táknar að því hafi ekki verið lokið.

að koma samtengdum hljóð- og textaskrám fyrir í gagnagrunni er þá hægt að leita í gögnunum og rata ekki bara inn í umritað dæmi heldur líka á réttan stað í hljóðskránni. Í MÍM verða þó einungis textaskrár[12] en textarnir verða markaðir þannig að bæði verði hægt að nýta orðmyndir og mörk til leitar auk þeirra einkenna á textunum sjálfum sem eru skráð (textategund, uppruni o.fl.). Eigi að síður er stefnt að því að tengja saman hljóð og texta í íslenska efninu til þess að greiða fyrir aðgangi að hljóðskránum en ekki er enn ljóst hvernig búið verður um safnið í þeirri mynd og hvar það verður vistað.

4 Talmál og orðabækur

4.1 Orðaforði talmáls og ritmáls

Oft er gert ráð fyrir því að orðaval og orðanotkun í tali og riti sé mismunandi að einhverju marki. Þetta hefur ekki verið rannsakað ítarlega en samanburðarathugun á textadæmum úr talmáli og ritmáli bendir til þess að þetta eigi við rök að styðjast. Orðaforðinn í hluta ÍSTAL-samtalanna (u.þ.b. helmingur safnsins) var borinn saman við orðaforðann í tveimur litlum textasöfnum úr ritmáli sem hvort um sig var álíka stórt og talmálssafnið. Í öðru safninu voru tiltölulega óformlegir og persónulegir textar (dagbækur o.fl.) en textarnir í hinu voru formlegri og ópersónulegri (dagblaðatextar). Samanburðurinn sýndi að ákveðin orð og orðmyndir eru sérstaklega einkennandi fyrir talmálstextana í samanburði við hina en hann leiddi jafnframt í ljós að talsverður innbyrðis munur er á ritmálssöfnunum tveimur (Ásta Svavarsdóttir 2003). Dæmi um nokkur þeirra orða sem einkenna talmálstextana eru sýnd í Töflu 2.

Taflan sýnir að sumar orðmyndirnar koma alls ekki fyrir í ritmálstextunum (*ókei*, *heyrðu*) og aðrar einungis í óformlegu textunum (*svoleiðis*, *rosalega*, *sko*). Allar koma þær miklum mun sjaldnar fyrir í ritmálsefninu en í talmálsgögnunum og í sumum tilvikum er munurinn sláandi (*bara*). Sem kunnugt er byggist *Íslensk orðtíðnibók* (1991) ein-

[12] Umritunarskrám úr því talmálsefni sem hér hefur verið lýst hefur nú flestum verið komið fyrir í textasafni Orðabókar Háskólans. Þar er til bráðabirgða hægt að leita í textanum ómörkuðum (undir flokknum *Talmál* og undirflokkum hans á leitarsíðunni *http://www.lexis.hi.is/corpus/leit.pl*) en notkunarmöguleikar þeirra munu síðar aukast með tilkomu málheildarinnar.

göngu á ritmálstextum en þeir eru bæði miklum mun fleiri og annars konar en þeir textar sem hafðir voru til samanburðar í athuguninni. Allar orðmyndirnar í Töflu 2 koma þar fyrir nema boðháttarmyndin *heyrðu* en tíðni þeirra er lág, t.d. er bara eitt dæmi um *ókei*. Þrjú orðanna koma fyrir í meira en helmingi textanna og það eru jafnframt þau orð sem flest dæmi eru um. Þetta eru sömu orðin og þau sem reyndust algengust í ritmálsefninu í samanburðarathuguninni (*bara*, *kannski* og *einmitt*).

	ÍSTAL	Óformlegt ritmál	Formlegt ritmál
bara	757	100	7
svoleiðis	65	6	0
kannski	128	57	7
einmitt	79	18	2
náttúrulega	134	6	0
rosalega	44	2	0
ókei	16	0	0
heyrðu	65	0	0
meina	80	1	1
sko	670	5	0

Tafla 2 Samanburður á dæmafjölda nokkurra orðmynda í talmáli og ritmáli

Orðmyndirnar í Töflu 2 eru teknar úr samhengi og því er óvarlegt að fullyrða neitt um merkingu þeirra eða hlutverk. Í fljótu bragði virðast þó flestar þeirra vera áhersluorð, hikorð eða annars konar orðræðuagnir sem algengar eru í tali. Athugunin bendir líka til þess að ákveðin orð af öðru tagi komi frekar fyrir í talmáli en ritmáli, þ.á m. upphrópanir (t.d. *almáttugur*, *andskoti*) og ýmis lítt aðlöguð tökuorð (t.d. *partí*, *frílans*, *breinstorma* o.fl.; Ásta Svavarsdóttir 2003:46).

4.2 Talmálsorð í orðabókum

Málheildir og önnur textasöfn gegna m.a. hlutverki við orðabókagerð. Til þessa hafa íslenskar orðabækur fyrst og fremst verið byggðar á ritmálsheimildum auk þekkingar og máltilfinningar ritstjóranna sjálfra.

Forvitnilegt er að athuga hvaða áhrif það hefði á lýsingu orða sem einkum eru bundin við talmál ef einnig væri stuðst við það talmálsefni sem nú er tiltækt.

Hér verða nokkrar orðalýsingar úr *Íslenskri orðabók* skoðaðar í þessu ljósi. Dæmi eru tekin af nokkrum orðanna sem koma lítt eða ekki fyrir í ritmáli samkvæmt Töflu 2 (sjá kafla 4.1). Einkum er litið á nýjustu útgáfu bókarinnar (ÍO-2002) en einnig eru tekin dæmi úr þeim eldri (ÍO-1963 og ÍO-1983). Til samanburðar eru svo birt dæmi úr ÍSTAL-efninu. Orðin sem skoðuð eru voru valin út frá Töflu 2 (sjá kafla 4.1).

Lítum fyrst á orðmyndina *heyrðu*. Formlega er þetta boðháttarmynd af sögninni *heyra* og í eldri útgáfum orðabókarinnar er hún ekki sjálfstætt uppflettiorð. Þetta breyttist við nýjustu endurskoðun hennar og í ÍO-2002 er *heyrðu* orðið sérstakt uppflettiorð og greint sem upphrópun eins og sést í (4).

(4) *ÍO-2002* (hluti orðlýsingar)

> **heyra** *–ði* s 1 greina, skynja hljóð [...] *heyrðu mig (mér)* komdu og talaðu við mig...
> ...
> **heyr|ðu** UH • notað til að ná athygli viðmælanda, oftast í upphafi samtals eða frásagnar ▷ *Heyrðu! Áttu nokkuð sígarettu?* / **heyrðu mig (mér)** hlustaðu nú á mig sbr. heyra

Í talmálsefninu í heild eru rúmlega 240 dæmi um orðmyndina *heyrðu*, allt boðháttarmyndir. Sé rýnt í dæmin úr ÍSTAL-samtölunum virðist orðmyndin þó ekki notuð í eiginlegri boðháttarmerkingu, sbr. dæmin í (5). Áberandi er að *heyrðu* stendur mjög oft í upphafi lotu, þ.e.a.s. þar sem nýr þátttakandi fær orðið (sbr. línu 1, 3, 5 o.fl). Orðmyndin virðist einkum gegna því hlutverki að kalla á athygli og vera e.k. yfirlýsing um að nú taki mælandinn orðið, oft til þess að koma að innskoti eða útúrdúr í samtalinu. Í þessu samhengi felur boðháttarmyndin ekki í sér boð eða fyrirmæli um að 'nema hljóð, hlýða á'. Því má segja að *heyrðu* gegni fremur tilteknu hlutverki í framvindu samtalsins en að hún tjái ákveðna merkingu.

(5) ÍSTAL *(hluti dæma)*

1 yrði að vera fimmtándi eða B:	heyrðu <A1>hvernig hvernig</A1> stendur á helgi þá sko getum við
2 allt safnast saman hjá þér	heyrðu já átjánda og þú átt að fara að já nú sé ég af hverju þú varst svona
3 B: ert þú ekki tilvalin í það A:	heyrðu hún spurði einmitt <B>bara (lang-) langar þig ekki ((dynkir)) að
4 og sagði hvenær og og þá já	heyrðu þá er best að ég geri það líka heldurðu að ég geti fengið þær eftir
5 síðan í morgun maður var= A: =	heyrðu hvað= B: =ég veit ekki hvernig stendur á því þetta er svona langur
6 skrifað dagsetningu á já	heyrðu Kári var hérna þetta gamall þegar já hann var í þessum fötum ú ég
7 guð hvað á ég að segja núna	heyrðu hvernig er þetta nú særi ég hana og (blabla) A: já B: en hún getur
8 tengdamamma allt í einu svona	heyrðu já Ella er ekki einhver sem þú þekkir sem heitir Jóhannes Freyr
9 hefðirðu getað farið að skoða A:	heyrðu já það minnir mig ég ætla að athuga bækurnar þarna kannski B: já
10 jæja gjörið þið svo vel D: já A:	heyrðu Guðrún Ösp kemst ekki C: (x) þau voru <B>hérna áðan</B> B:
11 C: ja hann fékk sér bara aðeins	heyrðu <!D> rjóminn D: já A: ég ætlaði (x) að fara að segja (x) rjómann
12 alla vega bæði á r D: já B:	heyrðu ég man alltaf eftir sögunni af hérna (.) sem amma þín sagði mér (.)
13 C:	heyrðu þetta er allt</B> <A>þetta er allt</A> þetta er allt prjónað fast
14 þessa uppskrift ### A:	heyrðu Inga þú mátt eiga þetta því að <B1>## frosna</B1> grænmetið
15 B:	heyrðu hvað er að frétta af Einari A: neinei ég kem bara með þér ##

Í *Íslenskri orðabók* er *heyrðu* annars vegar lýst í orðasambandinu *heyrðu mig* (eða *mér*) ‘komdu og talaðu við mig’ og hins vegar sem „upphrópun til áherzlu, til að vekja athygli eða til að láta í ljós hrifningu“ eins og það var orðað í ÍO-1963. Orðasambandið *heyrðu mig/mér* kemur alls ekki fyrir í talmálsefninu en síðari skýringin felur greinilega í sér viðleitni til að lýsa þeirri notkun sem virðist ríkjandi í talmáli, a.m.k. í samtölum. Eins og sjá má í (4) hefur þessi skýring verið þróuð áfram í síðari útgáfum og í ÍO-2002 er t.d. vikið að dæmigerðri stöðu hennar.

Atviksorðið *rosalega* er ekki í ÍO-2002, einungis lýsingarorðið *rosalegur* ‘svakalegur, ofsalegur (m.a. um fólk)’. Í textasafni Orðabókarinnar eru tæplega 700 dæmi um orðið en langstærstur hluti þeirra er annaðhvort úr óformlegu ritmáli (bloggtextum) eða talmáli. Dæmin í talmálsefninu eru t.d. hátt í 300, álíka mörg og í öllum ritmálstextunum í safninu að blogginu frátöldu, enda þótt fjöldi texta úr ritmáli sé margfaldur á við talmálið. Heimilda um merkingu og notkun atviksorðsins er því greinilega fyrst og fremst að leita í gögnum um talað mál og í (5) eru sýnd nokkur dæmi um notkun þess í samtölum.

(6) ÍSTAL (hluti dæma)

1 nefnilega það <B5>breyti ekki</B5> B1: þetta er	rosalega girnilegt
2 Kópavogi B: jájá var það ## skemmtilegt A: já	rosalega það var bara
3 B: mm= A: =ef þú fengir nú= B: =þetta er	rosalega gott A: ha
4 núna <!B1> ## hann hefur verið að taka alveg	rosalega <B2>fín</B2> ## B: nei A: jú B: nei það er
5 flott= A: =já	rosalega <!B1> góð fara í þýsku hann hefur heyrt að
6 þetta væri svo	rosalega erfitt A: já B: já ## A: ## B: já ## A: þær eru
7	rosalega stressaðar þetta betra A: æ jájá þakka þér fyrir
8 þetta er	rosalega huggulegt
9 veslast upp af netskorti</H> já A: nei ég hef	rosalega litla samúð tólf og mér ## á mínum tíma ##= A:

10 =hann var	rosalega klár í meira kaffi ## #### B: #### A: já mikið
11	rosalega er ég fegin í fermingarveislum hérna <!B1> mér
12 fannst þetta	rosalega skrítið að kunni ekki við þetta ## hm #### en
13 þetta var	rosalega fínt ## nema B: nei ég held ekki A: nei ## ég
14 keypti svo	rosalega flotta 1 1:1 sjö hundruð eða sjöþúsundkall ha A:
15 jájá það er	rosalega <C>fínt</C> minn ekki svona niður B: já ##
16 #### mikið	rosalega var mikið af við fórum út að borða í gærkvöld
17 #### á alveg	rosalega skemmtilegan

Dæmin í (6) sýna að *rosalega* er fyrst og fremst notað með lýsingarorði eða atviksorði til áherslu. Stærstur hluti dæmanna í talmálsefninu í heild er af þessu tagi og úrvalið gefur því ágæta mynd af notkun orðsins í talmáli. Nánari athugun sýnir að orðið stendur mjög oft í sambandinu *alveg rosalega* (með lo. eða ao. á eftir; sbr. línu 4 og 17). Á grundvelli talmálsefnisins mætti því setja saman orðabókarlýsingu á merkingu og hlutverki orðsins og taka þaðan dæmi til skýringar.

Þriðja orðið sem tekið er sem dæmi, orðið *ókei*, verður að teljast dæmigert talmálsorð. Það er tiltölulega nýtt í málinu og kemur nánast ekki fyrir í ritmáli. Í öllu textasafni Orðabókar Háskólans (rúmlega 50 milljón orð) eru innan við 100 dæmi úr útgefnum ritmálstextum en aftur á móti eru heldur fleiri dæmi í talmálsefninu þótt það sé u.þ.b. hundrað sinnum minna að vöxtum. Þarna hlýtur því aðgangur að talmálsheimildum að skipta verulegu máli fyrir orðlýsinguna. Samanburður á lýsingu orðsins í ÍO-1963 til ÍO-2002 leiðir í ljós forvitnilega þróun eins og sjá má í (7).

(7) *ÍO-1963*

?**ókei** uh, allt í lagi

ÍO-2002

ókei [...] UH óforml. **1** (sem svar eða kveðja) allt í lagi **2** (við útskýringu eða frásögn annars sem samþykki eða boð um skilning, eða sem spurning um skilning annars) þannig já, það er einmitt það, ég skil • (sem spurning um skilning eða samþykki annars) skilið? allt í lagi?

Eldri greinin er mjög stutt en sú nýrri er mun margbrotnari og ítarlegri. Líklegt má telja að tíðni *ókei*, sem var tiltölulega nýtt orð í íslensku í upphafi 7. áratugarins (elsta þekkta dæmi um orðið er frá 1942 samkvæmt RMS; sjá Þórunni Blöndal 2002/2006), hafi aukist og notkun þess breyst á þeim 40 árum sem liðu milli útgáfanna. Munurinn á lýsingunum tveimur kann því að endurspegla breytingar á

notkun orðsins, a.m.k. að einhverju leyti. Yngri greinin ber þó með sér að þar sé gerð tilraun til fyllri orðlýsingar þar sem tekið er tillit til málaðstæðna og hlutverks orðsins ekki síður en merkingar. Mörg dæmigerð talmálsorð kalla einmitt á slíka lýsingu og við samanburð útgáfanna hefði óneitanlega verið forvitnilegt að hafa aðgang að gömlu talmálsefni til samanburðar við það nýja.

Ritstjórar orðabókarinnar hafa tæplega haft aðgang að beinum heimildum um talmálið og hafa því þurft að styðjast við eigin málkennd og það sem þeir heyrðu í umhverfi sínu. Lýsingin í ÍO-2002 virðist þó í meginatriðum fara nokkuð nærri raunverulegri notkun orðsins. Þórunn Blöndal (2002/2006) hefur skoðað dæmi um *ókei* í samtölum og niðurstaða hennar er m.a. sú að málaðstæður hafi mikið að segja um notkun orðsins og hlutverk. Hún greinir fimm afbrigði í merkingu og notkun *ókei* í gögnunum sem hún styðst við. Greining hennar svarar að mörgu leyti til þeirrar lýsingar sem birtist í orðabókinni en Þórunn nefnir einnig notkunarafbrigði sem ekki koma fram í ÍO-2002, t.d. notkun *ókei* sem eins konar inngangs að beinni ræðu (sjá Þórunn Blöndal 2006:20,1). Þetta bendir til þess að enn mætti bæta orðlýsinguna með því að hafa hliðsjón af raunverulegu talmálsefni og þangað mætti líka sækja notkunardæmi til stuðnings lýsingunni, en eins og sést í (7) eru engin dæmi birt í orðabókargreininni.

Síðasta talmálsorðið sem hér verður tekið dæmi af er *sko*. Það er tíunda algengasta orðið í ÍSTAL-efninu (sbr. Þórunn Blöndal 2005:36) og því miklu algengara í talmáli en í ritmáli þar sem það er í 870. sæti samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók*. Eins og fram kemur í (7) má sjá svipaða þróun í lýsingu þessa orðs frá einni útgáfu *Íslenskrar orðabókar* til annarrar og þá sem kom fram í lýsingunni á *ókei*. Þar sem *sko* er gamalgróið orð í íslensku ber hún þó væntanlega fremur vott um viðleitni til að bæta orðlýsinguna og gera hana ítarlegri en að hún endurspegli verulegar breytingar á merkingu, hlutverki og notkun orðsins.

(8) *ÍO-1963*

> **sko** uh, bh af **skoða**
> . . .
> **skoða** [. . .] **4** bh: [. . .] *sko* (= *skoðaðu*): *sko manninn* sjáðu manninn, þarna er maðurinn, *sko til* líttu á, þarna geturðu séð.

ÍO-1983

> **sko** UH (einsk. BH af skoða) **1** sjáðu, lítið á, *s. til* þarna sérðu ☞ *skoða* 4. **2** notað sem AO (sbr. dönsku *sgu*), sannarlega, svo sem*: hann er sko ekkert flón*.

ÍO-2002

> [1]**sko** UH • (ábending um að veita athygli) sjáðu, lítið á ▷ *sko tunglið!* • lýsir viðurkenningu ▷ *sko strákinn* sjáðu strákinn, lítið á strákinn; sei, sei, þetta gat hann! • notað sem hikorð ▷ *ég, sko, fór og talaði við hann, sko, en... / sko til* **1** þarna sérðu **2** líttu á, þarna geturðu séð **3** nú, þetta var þá hægt! sbr. skoða (4)
> [2]**sko** AO • svo sem, reyndar, svo sannarlega, aldeilis ▷ *hann er sko ekkert flón / nei, það gengur sko ekki vel / það mundi ég sko ekki gera!*

Þarna sést að lýsing orðsins verður smám saman nákvæmari og ítarlegri. Í fyrstu útgáfunni er greinin varla nema vísun til so. *skoða*. Þar er orðmyndin *sko* felld undir boðhátt sagnarinnar (jafnvel þótt uppflettiorðið *sko* sé merkt sem UH) og notkun hennar er lýst með dæmum og skýringu á þeim. Millivísunin til so. *skoða* er enn til staðar í annarri útgáfu en þar er lýsingin undir uppflettiorðinu *sko* öll fyllri: henni hefur verið skipt í tvennt, merkingarskýringum og notkunardæmum hefur verið bætt við og þar að auki er vísað til danska orðsins *sgu* sem hliðstæðu þótt orðsifjaupplýsingar séu annars mjög fátíðar í *Íslenskri orðabók*. Og í nýjustu útgáfunni eru tvær flettur með uppflettimyndinni *sko*, upphrópun og atviksorð. Lýsingin er orðin enn ítarlegri og sundurgreining meiri, sérstaklega í fyrri flettunni, og skírskotun til málaðstæðna er orðin áberandi þáttur í orðlýsingunni líkt og í lýsingu orðsins *ókei*. Auk þess hefur notkunardæmum verið fjölgað. Þarna eru m.ö.o. stigin skref til raunsannari lýsingar á hlutverki og notkun orðsins í töluðu máli og með hliðsjón af talmálsgögnum sem sýna dæmi um raunverulega notkun orðsins mætti sannreyna og bæta lýsinguna. Mynd 1 sýnir hluta dæmanna í ÍSTAL en lesendum er látið eftir að bera þau saman við orðabókarlýsinguna. Einnig skal bent á athugun og greiningu Helgu Hilmisdóttur og Camillu Wide (1999) á notkun *sko* í tali ungs fólks.

Mynd 1. Hluti dæma um orðmyndina *sko* í ÍSTAL

```
1 þú ge̗tur þvegið gĺugga án þess að                sko nota nokkuð efni A: er það Lí:SI: ur
2 hafa Frontpage sjálfur                             sko A: já A: já af því að annars getur ekkert sko þú getur sett þau inn á síðuna þína B: jájá
3 rosalega klár því hann var ofsalega montinn        sko yfir því að hún hafi komist inn og hérna en hann ætlar bara að f
4 dauð C: það er hætt við því D: en ég er            sko þú veist en ég hugsaði með mér ég ætla ekki að vera svo lengi í R
5 bundið A: tímabundið út af því að nú þurfa þau     sko B: losa þau þau þurfa að fara þau ætla ekki að vera hér sko þ
6 svona fílingur þarna (.) út af því að ég get ekkert sko ég á mitt torg B: m A: og ég veit ekkert hvernig ég á að þú veist sé
7 úr vinnunni A: út af því að hann var langur        sko þess vegna komstu svona miklu í verk ((hlær)) B: hann var svo ros
8 leitar fyrst í því B: ((tungusmellur)) (meta tækið) sko já að það var það sem ég var að experimenta með þú veist alv
9 í munninum alveg frá því að ég smakkaði hana       sko B: ((hlær við)) B: já A: hún gerði tvær sko og það var önnur sem va
10 eða B: nei A: nokkuð í því B: en í rauninni       sko er hefur þetta hálfa starf ekki verið kennslan hún hefur verið aukavin
11 en það er búið að breyta því núna er bara kennt   sko þú þarft að þekkja mismunandi framburð eftir landshlutum D
12 sem sagt maður hefði ekki neitað því upp á upp á sko þetta hefði kitlað mann að gera þetta C: já C: en það hérna HarpaI
13 verður sjálfsagt nálægt því eða gæti orðið það   sko B: takt þú þetta blað hérna (.) ef að hann fer að einhver hérna eitthv
14 barnabætur eða hvað B: af því að hún er orðin     sko komin yfir þrítugt A: já B: hún er ómenntuð (.) og með (fj-) fjögur
15 ((sýgur upp í nefið)) af því að það (x) alveg     sko bara skari og mjög slæmt ((sýgur upp í nefið)) að skíða krakkarnir
16 A: það er líka af því að það er röddunin          sko af því að í þýsku og dönsku að þá er raddað ef það kemur hérna n
17 ef að það eru einhverjar líkur á því að það standist ekki sko (.) og og alls ekki í skammtíma huggun eða einhverju svoleiðis
18 hafði verið langt á milli þeirra því að <!A6> (x) saman sko en Einar Jóhann hafði leyft sér að ((dyr opnast, blástur hættir)) að k
19 aftur í hana draslið A: nei ég nenni því ekki (.) alls ekki sko (.) enda þarf ég á þessu litla sem að er í (.) ((skark)) vélinni að hald
20 þurftu auðvitað að vera oft að þvo D: nei náttúrulega líka sko því þetta þetta er gamalt fólk þannig að þau þvo ekki eins mikið og
21 og svo kannski hékk þvotturinn upp á snúru í     sko tólf daga D1: (oj) D2: kominn skítafýla af honum D3: já D: já end
22 veist að (.) vilji er fyrir= D: =ja þið sjáið það alla vega sko alla vega sé ég það núna að (.) sko við verðum að fá niunda bekk til okkar
23 D: já sko það verður náttúrlega ekki í níunda bekk sko það er ekki velja sér ekki náttúrufræðibraut núna sko A: en þetta er þetta e
24 er eitthvað sem þau horfa fram eru standa frammi fyrir sko þegar þau koma í tíunda bekk= D: =koma í tíunda <A>bekk sko</A> A: fyrir</D>
25 að (.) <C>(.) fannst þetta</C> alveg (fár-) fáránlegt sko = D: m C: þetta er (ó-) D: =já C: en þetta er alveg óhemjulega vitlaust að lá
26 ja það er það er spáð leiðindaveðri núna á páskunum sko A: nú er það B: já A: já (.) B: <A>gæti</A> orðið einhver (norð-) norðannepj
27 því að það var hérna bara svört slydda í B: (x) B: sko eftir matinn í gær <!A> þá hérna eða svona um (nónleyt-) nónleytið að þá hér
28 svarta B: en svo aftur um (sv-) svona um fimm sexleytið sko þá var orðið fínasta veður hérna A: já (.) það var eins og í morgun þá var s (istal2)
29 A: já (.) B: og svona lágrenningur og og yfir dalinn sko A: já ((gespar)) (.) jájá B: þannig er nú málið (.) A: heimsækirðu aldrei M (
30 nei A: nú var hún í órétti sem sagt B: jájá bíllinn kemur sko hann heldur áfram og bíllinn kom bara beint A: jájá B: beint á (.) A: já það
```

4.3 Talmálsgögn og orðabókagerð

Af umfjölluninni í kafla 4.2 og dæmunum sem þar eru rakin má ljóst vera að greiður aðgangur að talmálsefni, t.d. sem hluta af almennri málheild, kæmi að góðu gagni við orðabókagerð. Augljósust er nytsemd slíks efnis þegar í hlut eiga orð sem eru fyrst og fremst notuð í daglegu tali en síður í ritmáli eins og þau sem skoðuð voru hér að framan. Fjölbreytt talmálsgögn sem sýna raunverulega málnotkun við mismunandi aðstæður eru grundvallarheimild við greiningu á merkingu og hlutverki slíkra orða í málinu og þau eru einnig mikilvæg uppspretta raunverulegra notkunardæma eða sem fyrirmynd við samningu tilbúinna dæma sem birt eru til skýringar og stuðnings við orðabókarlýsinguna.

Enda þótt orð séu notuð jafnt í töluðu og rituðu máli má vera að merking sumra þeirra og notkun sé ekki að öllu leyti eins í tali og riti. Eitt dæmi um slíkan mun er sérstakt hlutverk boðháttarmyndarinnar *heyrðu* í talmáli sem fjallað var um í síðasta kafla. Með notkun textasafna eða málheilda með fjölbreytilegum textum úr talmáli jafnt og ritmáli má leiða í ljós hvers kyns tilbrigði í notkun og merkingu einstakra orða og láta dæmi úr textunum styðja greiningu og lýsingu orðanna. Textasöfn hafa ekki síst sannað gildi sitt í því að þau gefa góða mynd af dæmigerðu samhengi orða, ekki síst orðastæðum og ýmiss konar föstum orðasamböndum (t.d. *alveg rosalega* + *lo./ao.*, sbr. 4.2), og þar gæti verið munur í talmáli og ritmáli.

Sé stuðst við nægilega stóra og fjölbreytilega málheild gefur hún líka mikilvæga vitneskju um tíðni orða og orðasambanda og útbreiðslu þeirra í mismunandi textum eða við ólíkar aðstæður. Slíkar upplýsingar koma að gagni við efnisval, t.d við val á flettiorðum, merkingarafbrigðum, orðasamböndum og notkunardæmum. Þær geta líka verið til mikils stuðnings við efnisskipan í orðabókum, ekki síst í innskipan einstakra orðsgreina þar sem því almennasta og algengasta er gjarnan skipað fremst. Þá geta upplýsingar um tíðni og útbreiðslu orðið grundvöllur að traustari ábendingum um notkunarsvið og stílgildi orða og orðasambanda.

Þeim orðabókaverkum sem eru gefin út í rafrænu formi fer fjölgandi. Það form gefur nýja möguleika í vali á upplýsingaþáttum og framsetningu þeirra og auk þess eru slíkum verkum ekki settar jafn þröngar skorður um samþjöppun efnisins og prentuðum orðabókum. Þar er því t.d. rúm fyrir mun fleiri notkunardæmi og ekki eru jafnríkar kröfur um að takmarka lengd þeirra. Eins og áður er nefnt má finna fyrirmyndir að góðum skýringardæmum í textasöfnum og málheildum en þangað má einnig sækja raunveruleg notkunardæmi til birtingar í orðabókum, hvort sem er úr töluðu eða rituðu máli. Í veforðabókum er jafnvel hægt að hafa beina tengingu úr orðabókargreinunum í málheild eða textasafn þannig að notendur geti sjálfir leitað að dæmum til viðbótar þeim sem birt eru í sjálfri orðabókinni.

Dornseiff, Franz. 2004. *Der deutsche Wortschatz nach Sachgruppen*. 8., völlig neu bearb. und mit einem alphabetischen Zugriffsreg. vers. Aufl. von Uwe Quasthoff. Berlin, New York: de Gruyter.

Erla Hallsteinsdóttir. 2004. En kort oversigt over islandsk ↔ tysk leksikografi. Í: *LexicoNordica* (11), bls. 51–65.

Erla Hallsteinsdóttir. 2005. Vom Wörterbuch zum Text zum Lexikon. Í: Ulla Fix, Gotthard Lerchner, Marianne Schröder og Hans Wellmann (útg.): *Zwischen Lexikon und Text – lexikalische, stilistische und textlinguistische Aspekte*, bls. 325–337. Leipzig: Verlag der Sächsischen Akademie der Wissenschaften zu Leipzig.

Erla Hallsteinsdóttir. 2006a. Phraseographie. Í: *HERMES Journal of Language and Communication Studies* (36), bls. 91–128.

Erla Hallsteinsdóttir. 2006b. Konzeption und Erstellung einer computergestützten zweisprachigen Phraseologiesammlung Isländisch – Deutsch. Í: Annelies Häcki Buhofer og Harald Burger (útg.): *Phraseology in Motion*. Proceedings zu Europhras Basel 2004, bls. 211–222. Baltmannsweiler: Schneider Verlag.

Erla Hallsteinsdóttir. Í prentun. Wörtliche, freie und phraseologische Bedeutung. Eine korpusbasierte Untersuchung des Vorkommens von freien und phraseologischen Lesarten bei deutschen Idiomen. Í: Erika KrûiŽnik (útg.): *Phraseologie in der Sprachwissenschaft und anderen Disziplinen*. Akten der Europhras-Tagung in Strunjan/Slowenien, 19.–22. September 2005.

Erla Hallsteinsdóttir, Uwe Quasthoff og Monika Sajankova. 2006. Vorschlag eines phraseologischen Optimums für Deutsch als Fremdsprache auf der Basis von Frequenzuntersuchungen und Geläufigkeitsbestimmungen. Í: *Linguistik online* 27, 2/06: Neue theoretische und methodische Ansätze in der Phraseologieforschung, bls. 117–136. (Vefslóð: *www.linguistik-online.de/27_06/hallsteinsdottir_et_al.pdf*.)

Quasthoff, Uwe og Christian Biemann. 2006. Measuring Monolinguality. Í: *Proceedings of the LREC-06 workshop on Quality assurance and quality measurement for language and speech resources*, Genoa, Italy.

Quasthoff, Uwe og Matthias Richter. 2005. Projekt Deutscher Wortschatz. Í: *Babylonia* 3/2005.
Vefslóð: *http://www.babylonia-ti.ch/BABY305/quaride.htm*.

Quasthoff, Uwe, Matthias Richter og Christian Biemann. 2006. Corpus Portal for Search in Monolingual Corpora. Í: *Proceedings of LREC-06*, Genoa, Italy.

Rapp, Reinhard. 1994. Die maschinelle Generierung von Wörterbüchern aus zweisprachigen Texten. Í: Susanne Beckmann og Sabine Frilling (útg.): *Satz – Text – Diskurs*. Akten des 27. Linguistischen Kolloquiums, Münster, 1993, Bd. I, bls. 203–209. Tübingen: Niemeyer.

Richter, Matthias, Uwe Quasthoff, Erla Hallsteinsdóttir og Christian Biemann. 2006. Exploiting the Leipzig Corpora Collection. Í: *Proceedings of IS-LTC'06*, Ljubljana, Slovenia.

Sigrún Helgadóttir. 2004. Mörkuð íslensk málheild. Í: *Tunga og tækni*, bls. 67–71. (Vefslóð: *www.tungutaekni.is/news/sigrun2.pdf*.)

Steinar Matthíasson. 2004. *Þýsk-íslensk, íslensk-þýsk orðabók*. Aukin og endurbætt útg. Reykjavík: Iðnú.

Abstract

Corpora are important linguistic resources. In this paper I describe the details of an Icelandic corpus, that is a part of a collection of corpora in 17 different languages which can be accessed online from *http://corpora.informatik.uni-leipzig.de*, and, with Icelandic instructions, at *http://wortschatz.uni-leipzig.de/ws_ice/index.php*. I discuss the possible usage of the corpus as a corpus based dictionary for non-linguistic users, and as a research tool for linguistic purposes in both applied and theoretical linguistics.

Keywords:

corpora, dictionary, linguistics, Icelandic

Lykilorð:

textagrunnur, orðabók, málvísindi, íslenska

Erla Hallsteinsdóttir
Vægtens Kvarter 336
DK-5220 Odense
erlahall@yahoo.dk

Veturliði G. Óskarsson

Um þýska forskeytið *an-* og stutta viðdvöl þess í íslensku

1 Inngangur

Norræn mál hafa öldum saman þegið orð og áhrif úr þýsku.[1] Veldi Hansakaupmanna hófst á 12. öld og um fjögurra alda skeið réðu þeir miklum hluta verslunar og viðskipta í Norður-Evrópu. Þeir báru með sér fjölmargar nýjungar, vörur, siði og menningaráhrif, og áhrif tungu þeirra, miðlágþýsku, á tungumál þeirra þjóða sem þeir umgengust voru í mörgum tilfellum afar mikil, einkum á orðaforðann. Löngum bárust einnig orð af latneskum eða öðrum uppruna þessa leið inn í norræn mál. Miðlágþýsk áhrif á norræn mál stóðu allt fram á 16. öld og voru skiljanlega mest á meginlandsmálin norsku, dönsku og sænsku, enda komu kaupmennirnir þýsku sér vel fyrir í þessum löndum og réðu þar svo að segja allri millilandaverslun um nokkurra alda skeið. Á 16. öld fór smám saman að draga úr áhrifum miðlágþýskunnar með dvínandi völdum Hansakaupmannanna og við tóku háþýsk áhrif.[2]

[1]Ég þakka Orðabók Háskólans fyrir afnot af gögnum og skrám og starfsfólki fyrir ýmsa aðstoð.

[2]Um veldi Hansakaupmanna má lesa mjög víða; gott yfirlit er að finna hjá Dollinger (1981) og yfirlit um lágþýsku t.d. hjá Krogmann (1970). Um áhrif miðlágþýsku á norræn mál má t.d. lesa í ýmsum greinum hjá Jahr (2000); um háþýsk áhrif sem beint framhald hinna miðlágþýsku, sjá Braunmüller (2000).

Orð og tunga 9 (2007), 125–149.

Meðal orða sem tekin voru upp í norræn mál voru fjölmörg forskeytt og viðskeytt orð. Frumnorræna hafði haft yfir að ráða ýmsum aðskeytum til orðmyndunar en með tímanum hurfu mörg þeirra (Seip 1934:29–30; Haugen 1976:159, 221). Meðal annars misstu norræn mál forskeytin **be-* og **ga-* (leifar hins síðara eru varðveittar í fáeinum orðum eins og *glíkr* og *granni*). Þau héldust hins vegar betur í vesturgermönsku. Forskeyti voru því heldur færri í norrænu en í vesturgermönskum málum og virkni þeirra nokkuð takmörkuð (Seip s.st.; Haugen 1976:381). Hið sama á að nokkru leyti við um norræn viðskeyti. Smám saman urðu mörg aðskeytin, sem tökuorðunum fylgdu, virk í orðmyndun í viðtökumálunum og er víst að aðskeytafátækt norrænna mála auðveldaði hinum þýsku leið sína inn í viðtökumálin. Nokkur helstu miðlágþýsku forskeytin voru *an-*, *be-*, *bi-*/*bī-*, *vor-*, *over-*, *um-* og *unt-* sem í norsku, dönsku og sænsku urðu *an-*, *be-*, *bi-*, *for(e)-*/*för-*, *over-*/*över-*, *om-* og *und-*/*unn-*. Af viðskeytum (eða endingum sem fengu hlutverk viðskeyta í norrænum málum) má nefna *-achtich*, *-ent*, *-bār*, *-heit*/*-hēt*, *-heftich*, *-inne*/*-in*, *-isch*, *-līk*, *-schap*. Sömu eða sambærileg aðskeyti er að finna í háþýsku og orð af þessi tagi héldu áfram að berast inn í norræn mál eftir siðaskipti; er oft erfitt að greina á milli eldri og yngri áhrifanna.[3] Í sumum tilfellum féllu þessi aðskeyti að einhverju leyti saman við norræn aðskeyti sem fyrir voru (*-līk*, sbr. físl. *-leg*, *-lig*, *-lík*; *-schap*, sbr. físl. *-skap*; *vor-*, sbr. físl. *for-*).

Sum þeirra aðskeyta sem eru af þýskum uppruna eru enn virk í viðtökumálunum, svo sem (da., no., sæ.) *-aktig*/*-agtig*, *-bar*, *-hed*/*-het*, *om-*, *over-*/*över-*, en önnur eru ekki lengur virk eða virkni þeirra hefur minnkað mikið, t.d. *an-*, *be-*/*bi-*, *for(e)-*/*för-* og *und-*/*unn-*.

Mun færri þýskættuð tökuorð bárust inn í íslensku í tímans rás en í frændmálin á meginlandinu. Öfugt við frændmálin bárust orðin ekki beint inn í íslensku úr lágþýsku eða háþýsku heldur í gegnum norsku talsvert fram á 15. öld og síðan mestmegnis um dönsku.[4] Og öfugt við hin málin má segja að „miðlágþýsk“ áhrif á íslensku hafi staðið mun

[3]Guðrún Kvaran (2000:175) tekur nokkur dæmi um mun á miðlágþýskum og háþýskum forskeytum með hliðsjón af ritum Westergård-Nielsens (1946) og Jóns Helgasonar (1929).

[4]Þýskættuð tökuorð í íslenskum prentuðum ritum 16. aldar eru reyndar flest úr miðlágþýsku og sum þeirra hafa borist inn úr þýðingum án danskra millilliða; t.d. kann Oddur Gottskálksson að hafa nýtt sér lágþýska þýðingu á biblíu Lúthers, auk hinnar háþýsku útgáfu (og annarra verka), þegar hann sneri Nýja testamentinu á íslensku (Jón Helgason 1929:179–180; Westergård-Nielsen 1946:lxxiv, lxxvii).

lengur yfir því að gömul orð af miðlágþýskum rótum héldu áfram að berast inn um dönsku í íslensku allt fram á 20. öld.

Í því sem hér fer á eftir verður grennslast fyrir um það hvort, og þá í hversu ríkum mæli og á hvaða tímabili, orð með forskeytinu *an-* bárust inn í íslensku, og hugað að afdrifum þeirra.

2 Forskeytið *an-* og orð með því í íslensku

Forskeytið *an-* í vesturgermönskum málum er að uppruna sagnaforskeyti með margvíslegt hlutverk og hefur sömu orðsifjar og forsetningin *á* í íslensku. Danska, norska og sænska tóku upp fjölmörg orð með þessu forskeyti í aldanna rás. Það telst ekki vera meðal þeirra sem urðu sérlega virk og má í flestum tilfellum telja orð með því vera eiginleg tökuorð fremur en að þau séu mynduð í norrænum málum. Orðin bárust hægt og sígandi inn í dönsku allt frá lokum 14. aldar en fjölgar mjög eftir 1500 (Skautrup 1947:83, 234; 1953:352); í orðabók Kalkars yfir eldri dönsku (1300–1700) eru yfir 100 slík orð, flest úr ritum frá 16.–18. öld. Í orðabók Söderwalls yfir sænsku fram til um 1525 eru ein 15 *an*-orð og eru nokkur dæmi þar frá því fyrir 1500. Í skjali frá síðasta fjórðungi 15. aldar kemur fyrir orðið *anskötning* ‘umsjón, ábyrgð’, myndað af *an-* og sænska orðinu *sköta* (Moberg 1989:214–215).

Í íslenskum ritum fyrir 1500 virðast ekki koma fyrir orð með þessu forskeyti (ONP; Veturliði Óskarsson 2003) né í prentuðum ritum 16. aldar (Jón Helgason 1929, sbr. *http://www.lexis.hi.is/ordlyklar/ntodds/nto.htm;* Westergård-Nielsen 1946). Við upphaf 17. aldar taka orð af þessum toga að berast inn í íslensku og í söfnum Orðabókar Háskólans (OH) er að finna tæplega 60 slík orð eða orðmyndir. Nokkur orðin eru samsetningar og mismunandi orðstofnar eru alls tæplega 40. Sagnir eru um 20, nafnorð 33 og lýsingarorð eru fjögur. Skráð dæmi í Ritmálssafni OH (RM, í gagnagrunninum *http://lexis.hi.is*) eru alls um 250 og fáein að auki er að finna í nokkrum sérsöfnum OH. Í Talmálssafni OH eru dæmi um sex orð frá árunum 1958–1979, öll hin sömu og í RM:[5]

[5]Eitt orð er að auki í Talmálssafni en það er sögnin *anventera* sem kemur fyrir í stöku merktri Eyjólfi Stefánssyni frá Dröngum: „Repentera klerkur kann / kænn með vizkuhóti, / enn ég sjálfur aftur vann / anventera á móti“, og á einum öðrum seðli, með athugasemdinni „bera á móti, mótmæla e-u (sjaldg.)“. Óvíst er um uppruna þessa orðs en hugsanlegur er skyldleiki við lat. *vetō* ‘banna’ (nh. *vetere*) og

(1) *anleiðing* ‘íhugun, athugun’ („taka til anleiðingar“) 3, *anmæla* ‘ákæra’ 1, *anstalt* hk. 1, *anstaltir* kv.ft. ‘læti’ (um krakka) 6, ‘erfiðleikar’ 1, *antaka* ‘taka við, taka gilt’ 1, *antigna* ‘hrósa’ 2, ‘bölva, lasta’ 3

Leit í nokkrum ritum hefur aðeins leitt í ljós eitt orð sem ekki er í söfnum OH, dönsku orðmyndina *anseelse*, en fáein eldri dæmi hafa fundist svo og ein orðmynd sem ekki er hjá OH, *anmerkning* (um 1750) – RM hefur *anmerking*.

Einungis tvö orð af þessum toga er að finna í íslenskum nútímamálsorðabókum: *anstaltir* kv.ft. í Blöndalsorðabók (merkt með spurningarmerki sem vont mál) og *antigna* so. í sömu bók; hið síðara einnig í *Íslenskri orðabók* (1., 2. og 3. útg.) og *Íslenskri orðsifjabók* Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1989). Þess má geta til fróðleiks að í nýlegum færeyskum orðabókum eru aðeins talin þrjú *an*-orð: *annám* ‘tak’, *annáma* ‘taka’ (*Föroysk orðabók* 1998, hið síðara merkt sjaldgæft) og *anfall* ‘kast’ (*Donsk-føroysk orðabók* 1995, skýring á da. *anfald*), en í færeysku talmáli eru nokkur í viðbót, a.m.k. þessi: *anbefala*, *anfektilsi*, *anføra*, *anganga*, *angrípa*, *anle(i)dningur*, *anmelda*, *anspora*, *ansøkja* (Simonsen 2002:80, 87).

Til eru í íslensku orð sem hefjast á *á-* og má rekja til baka til þýsks *an-*, t.d. *áklaga* so. (1540, RM) og *áklögun* kv. (1495, ONP) sem eiga vafalítið rætur að rekja til mlþ. *anklagen*, *anklage*, gegnum dönsku eða norsku. Í miðnorsku kemur fyrir orðmyndin *áklagan* (1471, DN 11:199) og í fornsænsku *aklaghan* (1439, Söderwall 1884–1918), lagaðar eftir miðlágþýskum hliðstæðum, en lágþýsk mynd nafnorðsins kemur fyrir í dönsku á fyrsta fjórðungi 16. aldar, *anclage* (1522, Kalkar 1881–1918), sem bendir til þess að um þær mundir hafi orðið verið tekið þar upp á ný, og þá í heild sinni. – Að þessu sinni verður ekki grennslast fyrir um orð af þessu tagi í íslensku.

Yfirlit um *an*-orð í íslensku eftir tímabilum má sjá á mynd 1 og í töflu 1.

að orðið sé myndað með hliðsjón af *repentera* < *repetere* (með *n*-innskoti). (Ég þakka Gunnlaugi Ingólfssyni fyrir þessa ábendingu.)



Mynd 1. Fjöldi nýrra orða með forskeytinu an- eftir tímabilum.

Elst er stakorð um miðja 16. öld (*annáma*) og eru síðan ekki dæmi um ný *an*-orð fyrr en snemma á 17. öld. Upp frá því tekur orðum að fjölga. OH hefur dæmi um átta orð(myndir) sem fyrst koma fyrir á þeirri öld en mest fjölgar orðum á 18. öld, að því er virðist, en frá þeirri öld eru dæmi um 24 ný orð. Hugsanlegt er að munur á fjölda nýrra *an*-orða á 17. öld og þeirri 18. í RM endurspegli að einhverju leyti mun á umfangi varðveittra heimilda frá þessum öldum. Um það verður þó ekki sagt neitt með vissu að sinni. Á 19. öld bætast við 14 orð(myndir) og átta koma fyrst fyrir á 20. öld, tvö yngstu orðin eru úr skáldsögum frá því um miðja öldina (Þórleifur Bjarnason: *Tröllið sagði*, 1958; Guðmundur G. Hagalín: *Konungurinn á Kálfskinni*, 1945).

Í töflu 1 eru tilfærð elstu kunn dæmi um hvert orð ásamt hliðstæðum í dönsku og þýsku, svo og notkunardæmi. Í flestum tilfellum eru hliðstæður teknar upp úr danskri orðsifjabók Nielsens (1989) en þegar hana þrýtur er leitað í aðrar orðabækur eftir þörfum, einkum ODS, Kalkar (1881–1918) og Schiller og Lübben (1875–1881). Látið er nægja að geta um miðlágþýskt dæmi, sé það kunnugt, en oftast er sambærilegt orð að finna í háþýsku. Ártöl eru nálganir og er nánari upplýsingar að finna í RM; örfá eldri dæmi hafa komið í ljós og er aldur þá skráður með hliðsjón af þeim. Heimildaskammstafanir við dæmi úr RM eru hinar sömu og þar eru notaðar. Örfá dæmi eru sótt í aðrar heimildir en í RM.

Tafla 1. Elstu dæmi um orð og orðmyndir með forskeytinu an- í íslensku

Um 1550:

- *annáma* (*annamma*) so. ‘taka við; tileinka sér’ (da. *annamme*; mlþ. *annāmen*), elsta dæmið er formúlan *taka*, *annáma og undfanga* DI XI, 183 (da. *tage*, *annamme og undfange*, mlþ. *annāmen*, *untvan / untvangen*)

Um 1600:

- *anslag* hk., *anslagur* kk. ‘ráðagerð, ráðabrugg’ (da. *anslag*; mlþ. *anslach*): „Þa er þad þo ecki hans [þ.e. djöfulsins] eiginlega rietta Anslag“ SummSp Mm, IIv
- *anmæli* hk. ‘umtal’, *leggja e-ð í anmæli*: „og því er það síðan í annmæli lagt: „að aungvir hafa gjafmildari verið enn Danir““ *Islandske Annaler*, 439; uppruni orðsins er ekki fullljós en tengsl við da. *anmelde* < þý. *anmelden*, m.a. í merkingunni ‘gera kunnugt; umtala’, eru sennileg (fremur en við *anmálsemi*, sjá nmgr. 8)

Um 1625:

- *ansjá* so. 1) ‘telja, álíta’, 2) ‘refsa’ (da. *anse*; mlþ. *ansēn*): 1) „að hans kongleg May^{tt} hafi fyrir gott anséð“ Tyrk, 448 (1638); 2) „vonar það hann (Jón) muni ansjást öðrum til viðvörunar“ Alþb X, 123 (1713)
- *antigna* so. 1) ‘biðja bölbæna, lasta’, 2) ‘lofa ákaflega’ (da. *antegne* ‘geta um e-ð e-m til lofs eða lasts’; mlþ. *antek(en)en*): 1) „vita ecke huørsu jlla þeir skule antigna Christo“ HammKrossg O, VIIr (1618); 2) „hvern Hann […] elskade, og framar flestum antignade“ SvSJJ, 6 (1769)

Um 1650:

- *anhang* hk. ‘hjálparmaður, fylgdarlið’ (í neikv. merk.) (da. *anhang*; mlþ. *anhang*): „Mun ekki Halldóra […] mest hafa haft fyrir því verki með hennar anhangi?“ JMPísl, 160

Um 1675:

- *angefa* so. ‘gefa upp; segja frá’ (da. *angive*; mlþ. *angeven*): „hvert góz í Snæfellssýslu sé angefið og afbetalað“ Alþb VIII, 158 (1687)
- *antasta* so. ‘handtaka’ (da. *antaste*; mlþ. *antasten*): „er óskað, að sagðar persónur séu antastaðar og undir frekara rannsak fluttar til Bessastaða“ Alþb VII, 212 (1671)

Um 1700:

- *angá/anganga* so. ‘varða’ (da. *angå*; mlþ. *angān*): „so vítt som þennann dómsins post angeingur“ ÁMPriv, 555
- *angefning* ‘það að gefa upp; kæra’ (da. *angivning* < *angive*; mlþ. *angeven*): „að veleðla herra amtmaðurinn vildi ei framvegis hérnefnds Tómasar angefningar upp á þeirra dóma meðtaka“ Alþb VIII, 258 (1689)

- *angefningarpóstur* kk. ‘ákæruatriði’: „tóku biskupinn […] og landfógetinn […] próf og rannsak um angefningarpósta þá“ Ann II, 269
- *anpartur* kk. ‘hlutur (í e-u)’ (da. *anpart*; mlþ. *anpart*): „jeg biode honum at leisa inn þeirra anpart“ ÁMTorf, 105
- *anleiðing* kv. ‘tilefni, ástæða’ (da. *anled(n)ing* < *anlede* († ODS); þý. *anleiten*, *Anleitung*): „beidest þo fullkomlega fyrer rettenn frammlegged / þä siälfz herra biskupsenz anleiding sem lóglega umm þujlÿka inviklan hliöde“ Bps AIII 2, 270 (1693)
- *anvenda* so. ‘snúa, venda; nota’ (da. *anvende*; þý. *anwenden*): „ad oss veiter ecke af ad anvenda sierhvøriu augnablike vorra Lijfstunda þvi til fillingar“ BÞorlApp A, IIr

Um 1725:
- *anbefala* so. ‘mæla með’ (da. *anbefale*; þý. *anbefehlen*): „befalaði hans kóngl. majest biskupinum Jóni Árnasyni að troða í þá anbeföluðu Appollonio Svartzkopfs eftirmaalssags comnissivn“ JHBisk I, 396
- *anleggja* so. ‘leggja fram (ákæru)’ (da. *anlægge*; mlþ. *anleggen*): „eftir það hann hafði […] með mikilli frægð sína tíð til stúderinga anlagt“ Jóhann Þórðarson 1720, 44
- *antaka* so. ‘taka við, taka á móti’ (da. *antage*, myndað eftir (m)lþ. *annemen*, þý. *annehmen*): „hitt annad, sem hann vill færa kyrkiunne til skulldar, kann ei ad antakast“ Bps AII 17, 926 (1733)

Um 1750:
- *anbetrúa* so. ‘treysta e-m fyrir e-u’ (da. *anbetro*; þý. *anvertrauen*): „utan sinnar eigenn Anbetrwadrar Syslu“ Alþb 1758, C 2v
- *anfæra* so. ‘færa inn, tilgreina’ (da. *anføre*; þý. *anführen*): „Utgifft kyrkiunar fra 1751 er effter somu Reikningum her ä möt anfærd“ Bps BIII 17, 63 (1757)
- *anordning* kv. ‘tilskipun, fyrirskipun’ (da. *anordning* < *anordne*; þý. *Anordenung*): „effter Anordningu 1747“ Bps AII 19 III, 139 (1752)
- *anskaffelsi* hk. ‘öflun, útvegun’ (da. *anskaffelse* < *anskaffe*; þý. *anchaffen*): „graftoola vidhalld og anskaffelse“ Bps BIII 17, 249 (1760)

- *anstalt* kv., *anstaltir* kv.ft.[6] 1) 'viðbúnaður, umstang', 2) 'læti, gauragangur' (da. *anstalt*; þý. *Anstalt*): 1) „giôrer nu Proprietarius strax þä Anstalt […] ad bok þesse komest i gott stand" Bps BIII 17, 234 (1760); 2) „því ef þessar anstaltir skyldu kenna þér að sjá einhverja ögn að þér" MJLeik, 329
- *ansögning* kv. 'umsókn' (da. *ansøgning* < *ansøge*; mlþ. *ansōken*): „Hvar firer einnig Min underdanigasta ansógnïng Hier innleggst" *Bréf Gunnars Pálssonar* I, 27 (1753)
- *antakanlegur* lo. 'fullnægjandi, viðunandi' (da. *antagelig* < *antage*; sjá *antaka*, um 1725): „hefir […] ecki viljad frambjóda antakanlega borgun" ActYfirr 1750, 11
- *antekning* kv. 'viðtaka' (da. *antagning* († ODS) < *antage*; sjá *antaka*, um 1725): „um hvað Magnúsar Guðmundssonar antekningu til information […] áhrærir" TBókm XI, 193 (1760)
- *anvending* kv. 'notkun' (da. *anvende*, *anvendelse*, sbr. sæ. *användning*; þý. *anwenden*): „Giôfina Medtekur Profasturinn Med Þacklæte […] Enn hennar Anvending Jnnstiller hann til Ædre YferVallda Gott befindende" K VII1 A1, 280 (1770)
- *anvísning* kv. 'tilvísun, ábending; ávísun' (da. *anvisning* < *anvise*; mlþ. *anwīsen*): „effter kyrkiu bokarenar Anvisning" Bps AII 20, 11 (1755)

Um 1775:
- *angefari* kk. 'uppljóstrari' (da. *angiver* < *angive*; mlþ. *angeven*): „sektir […] skulu skiptast jafmt á milli angefarans og fátækra" Lovs IV, 230 (1776)
- *anledning* kv. (sjá *anleiðing*, um 1700): „í anledning af þeim seinustu harðindum" Blanda VIII, 34 (1785)[7]
- *anmerkning* kv. 'athugasemd' (da. *anmærkning* < *anmærke*; þý, *anmerken*): „ad giôra þar [þ.e. í bók] nockrar anmerkningar" *Bréf Gunnars Pálssonar* I, 208 (1768)
- *anmóða* so. 'fara e-s á leit, biðja' (da. *anmode*; mlþ. *anmōden*): „anmodast þvi Proprietarius ad tilhalda Soknar bændum ad láta hann [þ.e. kirkjugarð] Vera fullgiordann og gildann Jnnann 2^{ia} ára" Bps BIII 17, 453 (1781)

[6] RM hefur eitt dæmi um *anstalt* í hk. (IndrIndrDagur, 20, 1946).

[7] Dæmið er úr bréfi frá Jóni Eiríkssyni konferenzráði til Árna Þórarinssonar biskups en Jón hafði þá dvalist í Noregi og Danmörku frá 17 ára aldri og var kominn undir sextugt þegar hann skrifar bréfið sem er mjög dönskuskotið.

- *anskaffa* so. ‘útvega’ (da. *anskaffe*; þý. *anschaffen*): „Kyrkiu bókenn er á Enda, og á ein önnur afftur ad anskaffast“ Bps AII 23, 234 (1781)

Um 1800:
- *anstand* hk. ‘frestun málareksturs’ (da. *anstand*; mlþ. *anstand*): „Løgmadur […] begierir og fær Anstand til morguns“ Act-Yfirr 1792, 8
- *anstendugur* lo. ‘sómasamlegur’ (um kirkjugrip) (da. *anstændig*; þý. *anstendich*): „Nír Sylfur-kaleikur med Patínu af sama rett anstændugur“ Bps BIII 17, 543 (1791)
- *ansækja* so. ‘sækja um’ (da. *ansøge*; mlþ. *ansōken*): „hvar fyrir ég nú auðmjúkast ansæki, að mér fyrir hverja reisu mætti tilstandast 64 sk.“ SöguþLandp II, 21 (1792)
- *anvísa* so. ‘vísa á (þ.e. skrifa ávísun upp á)’ (da. *anvise*; mlþ. *anwīsen*): „Andvirðið anvísaði eg upp á mín tilkomandi laun, en tók sumt til láns“ GVídBr, 205
- *anvísing* kv., sbr. *anvísning*, 1750 (da. *anvisning* < *anvise*; mlþ. *anwīsen*): „effter anvísing Prestsins og diáknans“ Bps BIII 17, 480 (1790)

Um 1825:
- *andtigna* so. (sjá *antigna*, um 1625): 1) „Eins og Gydíngar andtignudu þá óumskornu Heidíngia, sem sauruga, so forsmádu þessir aptur á mót hina, sem þiód miøg hiátrúarfulla“ LeiðNT I, 169; 2) „er hönum þarí mest andtignað fyrir framför i guðfræði“ SvPJEir, 22
- *anklaga* so. ‘kvarta, klaga’ (da. *anklage*; mlþ. *anklagen*): „ég verð að anklaga fyrir yður með heyin, sem burthrifsuð hafa verið úr garði mínum“ Blanda VII, 259 (1829)
- *anmerkja* so. ‘gera athugasemd við’ (da. *anmærke*; þý *anmerken*): „þá anmerkir Gísli Ásmundsson í Nesi, að nefndri jörð tilheyri yzti og neðsti hólminn“ ArnSigEÁsm III, 195 (1818)

Um 1850:
- *anmerking* kv. ‘athugasemd’ (da. *anmærke*; þý, *anmerken*): „viðbætti eg þessum fáu anmerkingum“ Safn IV, 261 (1845)

- *anstæður* lo. ‘hneykslanlegur’ (da. *anstødelig*; myndað af da. *støde* (ísl. *steyta*) og þý. *an-*): „anstödelig; kerling sú hefur leingi anstæð verið“ Sch (seðlasafn)
- *antegnelse* kv. ‘athugasemd, ummæli’ (da. *antegnelse* < *antegne*; þý. *anzeichnen*): „Antegnelser og vanþökk hef eg fengid“ Sonurgull, 203 (1854)
- *antegnelsespóstur* kk. ‘athugasemdagrein’: „ýmislegt á ég eftir, sem mér sýnist minna liggja á svo sem antegnelsespósta besvarelse“ ÁrsrÍsf 1968, 142 (1843)

Um 1875:
- *anbefalning* kv. ‘meðmæli’ (da. *anbefaling*, *anbefalning* († ODS) < *anbefale*; þý. *anbefehlen*): „Eg lét Goos gefa mér anbefaling“ JGuðnSkTh I, 82 (1884)
- *anlegg* hk. ‘verstöðvarbygging(ar), mannvirki í verstöð’ (da. *anlæg*; sbr. þý. *Anlag*, mhþ. *anlāge*; sjá *anleggja*, um 1725): „ómögulegt var að halda þessari reglu nema í aðalkaupstöðum, en ekki á þeim svokölluðu „anleggjum““ Víkv 1874, 70

Um 1900:
- *anleggshús* hk. ‘verstöðvarbygging’ (sjá hér ofar): „Þegar komið var undir miðgóu, var von á að inntökumennirnir kæmu suður á „anleggshúsin“, sem þeir lágu við í ár eftir ár“ Amma, 299
- *anmelda* so. ‘ritdæma’ (da. *anmelde*; þý. *anmelden*): „Þú vilt náttúrlega ekki vinna til að senda mér exemplar af Páli Vídalín til þess að eg anmeldi hann í Stefni, […]?“ Margtsend, 263 (1898)
- *anretningsborð* hk. ‘framreiðsluborð’ (da. *anrette*; mlþ., þý. *anrichten*): „Borð alls konar smá og stór af öllum gerðum, þ. á. m. Anretningsborð“ Ísaf 1904, 88

Um 1925:
- *anleiðning* kv. (sjá *anleiðing*, um 1700, *anleðning*, um 1775): „og [Kristrún gamla] reyndi að taka sér það til anleiðningar“ GHagalKH, 180
- *anretterborð* hk. (sjá *anretningsborð*, um 1900): „anretterborð með kaffistelli“ Skírn 1928

- *anstandsdama* kv. ‘kona sem gætir velsæmis ungrar stúlku’ (da. *andstandsdame* < *anstå* ‘hæfa, sæma’; mlþ. *anstan* ‘hæfa, sæma’): „fólk, sem sæi okkur saman, myndi álykta, […] að ég væri að ganga með kærustunni og Petrea væri anstandsdama, til að hafa umsjón með, að skírlífi væri borgið“ SvbEgFerð II, 823

Um 1950:

- *anstalta* so. ‘sinna verkum, hafa viðbúnað’ (da. *anstalte*; sjá *anstalt*, um 1750): „Hún vill helzt alltaf vera eitthvað að anstalta úti við“ ÞórlBTröllið, 76
- *anstíga* so. „koma anstígandi“ ‘koma askvaðandi’ (da. *komme anstigende*; þý. *ansteigen*): „þessar falssaklausu hænur, sem leggja reyndar á rás, þegar tignin og skartið og mátturinn koma anstígandi“ GHagalKon, 104

Tiltölulega auðvelt er að finna fleiri dæmi um sum orðin, t.d. í bréfasöfnum og annálum síðari alda, en sem fyrr segir er *anseelse* eina nýja orðið fyrir utan þau sem hér voru talin sem fannst í ritum sem skoðuð voru af þessu tilefni.[8]

Þegar skráðum dæmum er skipt lauslega í flokka eftir textategundum sést að rúmur þriðjungur er úr opinberum skjölum af einhverju tagi og annað eins úr ýmsum fræðitextum.[9] Um 10% eru úr bréfum. Einungis örfá dæmi eru úr kveðskap (*anslag* 17. öld, 2 dæmi; *antaka* 1841; *antigna* 17. öld, 2 dæmi) og þjóðsögum (*anstaltir* 1850, *antigna* 1925). Þetta er athyglisvert því að sum *an*-orð voru án efa alþýðumál – og nokkrir rithöfundar á 20. öld notuðu einmitt slík orð

[8]RM hefur eitt dæmi um *ansigt* frá fyrri hluta 20. aldar: „Næst þegar ég hitti hann ætla ég að vera búinn að fá mér Teleskop til að studera á honum ansigtið“ (MagnStefBréf, 104, Örn Arnarson skáld). Orðið er hér trúlega notað í hálfkæringi og gamansemi. – Rétt er að nefna orðin *ansvar* ‘ábyrgð’, *ansvarsmaður*, *ansvarlegur*, *ansvarsfullur*, þar sem *an-* á sér norrænan uppruna, *and-*; en orðmyndir með *an-* eru vafalaust undir dönskum áhrifum og seinni tvö orðin má telja tökuorð úr dönsku. (Sbr. *andsvar*, *andsvarsmaður*, ONP.) – Eitt dæmi er í RM um orðið *anmálsemi* kv. ‘tal, orðsemi’ (e.t.v. ‘ýtni’): „Friðrik hafði margsinnis beðið menn þeirra að líta til festarinnar, og urðu þeir loks fyrtnir af hans anmálsemi“ FrEggFylg II, 126. Beinar samsvaranir í öðrum málum hafa ekki fundist; seinni hluti orðsins er ljóslega af sama toga og *málsemd* ‘þvaður, mælgi’ og fyrri hlutann ber sennilega fremur að tengja *ann-* (*önn*) en þýska forskeytinu þótt ekki sé hægt að útiloka áhrif frá tökuorðum.

[9]Til „fræðitexta“ voru talin sagnfræðileg rit, annálar, rit um ævisögulegt efni, guðfræðirit og fleira í þeim dúr.

í stílfræðilegum tilgangi og lögðu í munn alþýðufólks, eins og síðar verður rætt. Dæmafæð í þjóðsögum má kannski að hluta skýra með því að þær hafi að einhverju leyti verið lagaðar að kröfum um gott mál þegar þær voru skráðar.

Um 20% dæmanna eru svo úr skáldverkum og eru þau langflest frá 20. öld; verður vikið nánar að þeim síðar.

Við fáum þá mynd af gögnum OH að fæst *an*-orðin hafi verið algeng. Tæp 60% orða og orðmynda eru eindæmi (25 orð) eða koma einungis tvívegis fyrir þar (9 orð):

(2) *anbefala* s.hl. 18. aldar og 1885, *anbefaling* 1884, *anbetrúaður* 1758, *anganga* um 1700 og 1758, *angefari* 1776, *angefningarpóstur* um 1700 og um 1725, *anhang* um 1650, *anklaga* 1829, *anleggja* 1770 og um 1800, *anmelda* 1898, *anmerking* 1845, *anmerkja* 1818, *anmæli* um 1600 og um 1800, *anordning* 1752 og 1945, *anpartur* um 1700, *anretningsborð* 1904, *anretterborð* 1928, *anskaffa* 1781, *anskaffelsi* 1760, *anslagur* 1602, *anstalt* hk. 1946, *anstalta* 1950, *anstand* 1792 og 1826, *anstandsdama* um 1925, *anstendugur* 1791, *anstíga* 1945, *anstæður* um 1850, *ansækja* 1792, *antasta* 1671, *antegnelse* 1854, *antegnelsespóstur* 1843, *antekning* 1760, *anvending* 1760 og 1770, *anvísa* um 1800 og 1832, *anvísing* 1790

Sennilega mætti finna fleiri dæmi við nánari athugun en lág tíðni gefur samt til kynna að um fágæt orð sé að ræða.

Rétt er að nefna að sum eindæmin (þau yngstu) eru úr textum sem eru sérstakir á einhvern hátt: eina dæmið um *anmelda* er úr galsafengnu einkabréfi (1898); *anretningsborð* er úr auglýsingu í *Ísafold* 1904; dæmið um orðið *anretterborð* (1928) er úr grein Guðmundar Finnbogasonar „Hreint mál“ og tekið þar sem dæmi um hið „argvítugasta hrognamál“ (Guðmundur Finnbogason 1928:147);[10] sögnin *anstalta* er úr skáldsögu (1958); *anstandsdama* er nefnd í ferðaminningum frá 3. áratug 20. aldar; *anstíga* („koma anstígandi“) er úr skáldsögu (1945); *anstæður* er af seðli úr safni Hallgríms Schevings, án tilvísunar í heimild, og óvíst hvort dæmið er úr talmáli eða ritmáli; *antegnelse* er úr

[10]Guðrún Kvaran (2002) ræðir efni greinar Guðmundar og getur um orðin *anrettuborð* og *anrettuherbergi* (da. *anretterværelse*) sem heimildarmenn Orðabókar Háskólans þekktu.

einkabréfi frá 1854 og er þar í sinni dönsku mynd („Antegnelser og vanþökk hef eg fengid“); og *antegnelsespóstur* (1854) er úr mjög dönskuskotnu bréfi. – Ofangreind dæmi þurfa ekki endilega að vera ótækar heimildir um notkun viðkomandi orða en sérstakt stílgildi sumra textanna og ungur aldur annarra getur bent til þess að ekki sé um dæmigerða orðanotkun að ræða.

Nokkur orð koma fyrir þrisvar til fimm sinnum:

(3) *anlegg* 4, *anleggshús* 3, *anmóða* 3, *annáma* 4, *anslag* 4, *antakanlegur* 5, *anvísning* 4

Og nokkur orð eru tiltölulega algeng:

(4) *an*(*d*)*tigna* 29, *anfæra* 10, *angefa* 17, *angefning* 18, *anle*(*i*)*ð*(*n*)*ing* 12, *ansjá* 12, *anstalt* 22, *ansögning* 8, *antaka* 38, *anvenda* 11

Að minnsta kosti þessi orð hafa verið farin að festa rætur í málinu á seinni öldum og trúlegt má telja að dæmi um ýmis hinna sjaldgæfari orða leynist í textum sem ekki hafa verið gefnir út eða orðteknir. Ólíklegt er að mörg orð hafi farið fram hjá fránum augum orðtökumanna en þó má ekki útiloka slíkt.

3 Athugun á nokkrum textum frá 17.–19. öld

Nokkrir textar frá undanförnum öldum voru athugaðir nánar fyrir þessa rannsókn og leitað dæma um *an*-orð. Slík leit er tímafrek og var látið nægja að lesa nákvæmlega eina bréfabók auk þess sem fanga var leitað í tölvutækum textum og orðaskrám orðabóka.

Þess er fyrst að geta að ekkert orð með forskeytinu *an-* er að finna í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar (1614–1674) en þeir komu fyrst út 1666.[11] Sögnin *antigna* ‘lasta’ kemur hins vegar fyrir í einu af veraldlegum kvæðum hans (HPSkv II, 184).

Ekkert dæmi um orð af þessu tagi er í *Lexicon Islandicum*, orðabók Guðmundar Andréssonar (d. 1654) sem út kom 1683.

Eigi heldur er nokkurt *an*-orð að finna í postillu Jóns Vídalíns (1666–1720) sem kom út 1718–1720.[12]

[11] Sjá *http://lexis.hi.is/ordlyklar/salmar/salmar.htm.*

[12] Ég þakka útgefendum *Vídalínspostillu* (1995) fyrir veittan aðgang að tölvutækum texta.

Í *Nucleus Latinitatis*, latneskri orðabók Jóns Árnasonar (1665–1743) frá 1738, er eitt *an*-orð notað í íslenskum skýringum hans, *anleiðing* („**Causa** … Ordsøk, Anleiding, Tilefni, Tilstille“ bls. 28; „**Materia** … Orsøk, Anleiding“ bls. 159). Telja má að einhver hefð hafi verið komin á þetta orð í máli lærdómsmanna úr því að það er tvívegis notað á þennan hátt.

Í orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (1705–1779), í handritinu AM 433 fol., er einungis að finna orðin *anstalt* og *antigna* og ekkert orð af þessu tagi er í riti hans *Hagþenki*.[13] Í hugleiðingum sínum árið 1759 um sótt og dauða íslenskrar tungu gagnrýnir Jón notkun á erlendum orðum í íslensku og segir m.a. að til séu þeir sem ekki viti „hvad i Islendsku skylldi heita **Ordit Ansögning** (*ummbeidni*, edur *Eptirleitni*); og enn sijdur Ordit **Anstalt**, sem ymist er *Undirbwnjngr*, edur *Ræda gjǫrd*, eptir þvi sem Efninu vid-hagar“ (Jón Ólafsson 1998:152) og eru þetta fyrstu merkin, mér kunn, um andóf gegn orðum af þessu tagi.

Í bréfum séra Gunnars Pálssonar (1714–1791) er nokkur *an*-orð að finna: *angefa* (Bréf I:407), *anmerkning* (208, 275), *anordning* (12), *anstalt* (163, 267, 436), *anseelse* ‘álit, virðing’ („med hǫfudanseelse“, 386; da. *anseelse* < *anse*; mlþ. *ansēn*) og *ansögning* (27), en *anordning* er þar eiginlega notað sem stytting á titli reglugerðar, „Anordning om de latinske skoler på Island, 1743“.[14] Séra Gunnar var skólameistari á Hólum og prestur í Hjarðarholti og hefur verið talinn með lærðustu mönnum sinnar tíðar (Bréf II:11 o.áfr.). Varðveitt bréf frá honum eru tæplega 200 talsins, rúmar 500 blaðsíður í útgáfu. Tökuorð eru mörg, bæði af dönskum og latneskum uppruna.[15] Til samanburðar má geta þess að tökuorð sem hefjast á *be-* í bréfum hans eru tíu (*begera*, *benægtelseseiður*, *beskyldning*, *bestilla*, *bestilling*, *besværing*, *betala*, *betient*, *bevísa* og *yfirbevísa*, *bevísing* og *yfirbevísing*) og tökuorð með forskeytinu *for-* eru á milli 30 og 40. – Þess má geta að í stafsetningarkennslubók Gunnars frá árinu 1782, *Lijtid Wngt Støfunar Barn*, eru sárafá ung tökuorð og má væntanlega skýra mikinn fjölda tökuorða og erlendra slettna í bréfun-

[13] Ég þakka útgefanda *Hagþenkis* fyrir veittan aðgang að tölvutækum texta.

[14] Að auki kemur orðið *anseeligt* fyrir í einu bréfa Gunnars: „Mer virdiz ej miǫg anseeligt, hvorki fyrir þá … ne mig“ (Bréf I:291); líklega er rétt að líta á það sem hreina danska glósu.

[15] Orð af erlendum toga eru vel yfir 1000 í bréfum hans (stök orð og samsetningar). Latínuglósur, sem margar eru beygðar að íslenskum hætti, merkir Gunnar sérstaklega (skrifar með latínuletri) en tökuorð sem hann merkir ekki á þennan hátt, og eru yngri en frá um 1500, skipta hundruðum.

um með því að slíkt tilheyrði textategundinni á þessum tíma – a.m.k. í skrifum lærðra manna.

Í riti Magnúsar Ketilssonar um stiftamtmenn og amtmenn á Íslandi 1750 til 1800, skrifað líklega 1802 (Magnús Ketilsson 1948:14), koma fyrir nokkur orð af þessu tagi, svo sem *angefa* 'segja, gefa upp' (44), *angefning* 'kæra' (25), *anleggja* (51) og *ansögning* 'umsókn' (31). Verkið er mjög dönskuskotið og sést það vel með því að tilfæra nokkur helstu orð af erlendum toga sem er að finna á sömu blaðsíðum og ofangreind fjögur orð:

(5) aldeilis, alleina, angefa, angefning, ansögning, behalda, betala, brúka, capellan, compagnie, confessionarius, dempa, direktor, erklæra, exeqvera, fríheit, fullmektugur, höndlun, innheimta, inntekt, mótpartur, ordinantía, óafgjörður, óbetalaður, privat, provision, rescript, restanc, suspendera, tilláta, útvegur

Hugsanlegt er að Magnús sé höfundur greinar sem birtist í *Islandske Maaneds-Tidender* árið 1776 og ber titilinn „Kort Betænkning om et nyt Sprog paa Island", og er ádeila á hugmyndir um að taka upp dönsku í stað íslenskrar tungu í landinu (Bréf II:185). Séra Gunnar Pálsson hefur einnig haft nokkrar áhyggjur af framtíð tungunnar sem er eitt hið „Serligasta raritet og hnoss, Sem heila Evropa hefr, og ein med Stærstu heimsins gersemum teliandi" (Bréf I:435). Í einu bréfa sinna (Bréf I:99–111) gagnrýnir hann kveðskap og að nokkru leyti orðafar í sálmabók 1757 og Hallgrímssálmum 1759; og í bréfi frá 1784 mærir hann tunguna (Bréf II:35). Í ljósi þessa er vert að gefa því gaum að tökuorð og notkun erlendra glósna virðist ekki trufla Gunnar né Magnús. Slíkt kemur að vísu ekki á óvart; merki um málhreinsun koma tæpast fram fyrr en hjá næstu kynslóð á eftir þeim og þeir virðast ekki hafa litið svo á að upptaka tökuorða og notkun framandorða væru lýti í málinu.

Loks var leitað í dagbókum Steingríms Jónssonar (1769–1845), síðar biskups, úr ferðum hans með Hannesi Finnssyni um landið árin 1791–1795, sem varðveittar eru í handritinu Lbs. 95 8°, bl. 1r–52v. Þar koma ekki fyrir orð með forskeytinu *an-* og ung tökuorð eru þar tiltölulega fá.

Í safni Netútgáfunnar (*http://www.snerpa.is/net/*) eru verk frá ýmsum tímum, þar á meðal fáein 19. aldar verk. Engin orð af því tagi sem hér var leitað er að finna í tveimur smásögum Jónasar Hallgrímsson-

ar, *Grasaferð* og *Þegar drottningin á Englandi fór í orlof sitt*, né í *Sögunni af Heljarslóðarorrustu* og *Þórðar sögu Geirmundssonar* eftir Benedikt Gröndal, né í smásögum Gests Pálssonar (*Grímur kaupmaður deyr*, *Hans vöggur*, *Kærleiksheimilið*, *Skjóni*, *Uppreistin á Brekku*, *Vordraumur*) eða í smásögunni *Nýi hatturinn* eftir Stephan G. Stephansson. Engin *an*-orð er heldur að finna í *Pilti og stúlku* eftir Jón Thoroddsen (1850); hann lætur konu nokkra tala afskaplega dönskuskotið mál og notar þá t.d. *befatta*, *bestemt* og *begrípa* en engin *an*-orð. Í *Manni og konu* (1876) kemur fyrir lo. *anstendugur* í texta sem á að vera tilvitnun í gamla biskupsvísitasíugjörð (í þeim texta er einnig sögnin *beþéna*; önnur *be*-orð í skáldsögunni eru *betala* tvisvar, *begríba*, *behalda*, *beþenkja*, *velbeþéntur*, einu sinni hvert) og tvisvar sinnum orðalagið *e-ð kemur an upp á* („Það kemur allt an uppá, hvern veginn maður fer“, „þar kemur an upp á“) sem líklega er dregið af da. *komme an på*. Önnur *an*-orð er þar ekki að finna. Í báðum skáldverkum Jóns er allmikið um dönsk tökuorð í samtölum.

Þessi takmarkaða athugun á nokkrum textum frá 17.–19. öld bendir ekki til þess að *an*-orð hafi verið algeng þá og styrkir, ef eitthvað er, þá mynd sem RM gefur.[16]

4 *an*-orð í 20. aldar máli

Af því sem hér er komið fram má ætla að *an*-orð í íslensku hafi í tímans rás ekki verið umtalsvert fleiri en þau u.þ.b. 60 sem hér hafa verið nefnd til sögunnar. Mörg orðanna voru fágæt en um 15–20% þeirra hafa verið tiltölulega algeng og sum hver voru notuð í málinu um 2ja til 3ja alda skeið. Í upphafi 2. kafla kom fram að einungis tvö orð af þessum toga sé að finna í íslenskum nútímamálsorðabókum: *anstaltir* kv.ft. og sögnina *antigna*.

Lítill vafi leikur á því að þessi orð hafa einkum tínt tölunni í málhreinsun 19. aldar og lágu þau vel við höggi enda auðþekkt. Þau virðast hverfa að mestu úr ritmáli þegar dregur að lokum 19. aldar. Í máli alþýðunnar lifðu nokkur þeirra eitthvað fram á 20. öld, jafnvel fram

[16] Áhugavert hefði verið að skoða fleiri texta til að skerpa myndina enn frekar; til dæmis hefur RM fáein dæmi um *an*-orð úr leikritum Matthíasar Jochumssonar: *annamma* (MJLeik, 448), *anstalt* (MJLeik, 329), *antigna* (MJLeik, 520 – einnig í bréfi Matthíasar til Hannesar Hafsteins, MJBrHH, 66) – og vekur það grunsemdir um að fleira slíkt kynni að finnast í verkum hans ef vel væri að gáð.

yfir miðja öldina eins og dæmin í Talmálssafni OH sýna, en trúlega eru þau dáin út nú.[17]

Þegar *an*-orðin voru svo gott sem horfin úr málinu eignuðust sum þeirra þó svolítið eftirlíf í skáldritum 20. aldar, og er rétt að greina dálítið frá því. Skáldsagnahöfundar lögðu nefnilega stundum eitt og annað fornfálegt í munn gamals fólks eða notuðu slík orð til að færa sögusviðið eilítið aftar í tímann. Þannig frestuðu þeir dauða nokkurra af orðunum um fáeina áratugi þó að það „líf" sem þau eignuðust þannig hafi aldrei verið annað en gálgafrestur.

Árið 1933 kom út bók Guðmundar G. Hagalín, *Kristrún í Hamravík*. Þeir vita sem lesið hafa þessa bók að málfar á henni er mjög sérstakt og sérkennilegt, og hafa margir á það bent. Guðni Jónsson skrifaði fyrsta ritdóminn um bókina árið 1933 og segir:

> Því fer fjarri, að málið sje alstaðar hreint. Margt er um útlend orð að uppruna til, eins og alþýðumálið er líka auðugt af þeim. – Fram hjá slíkum orðum hafa flestir rithöfundar gengið og sett sín orð í staðinn. En Guðmundur hefir látið alt slíkt halda sjer og má því telja þetta með einkennum þessa alþýðustíls.
>
> (Guðni Jónsson 1933:6)

Þess má geta að Matthías Johannessen hefur skrifað greinargóða ritgerð um *Kristrúnu í Hamravík* (Matthías Johannessen 1985). Þar fjallar hann meðal annars um málfar bókarinnar og gerir grein bæði fyrir tökuorðum og sérvestfirskum orðum sem í henni er að finna.

Rithöfundar sem skreyttu verk sín með sjaldgæfum orðum og tökuorðum þekktu án efa þess kyns orð úr eldri ritum eða í munni gamals fólks. Víst er einnig að Hagalín var djarfari en flestir samtímamenn hans í því að brjóta gegn óskráðum reglum málhreinsunarstefnunnar sem ríkt hafði allt frá tímum Sveinbjarnar Egilssonar, að

[17] Ég hef spurst lauslega fyrir um orð af þessu tagi og hafa fæstir kannast við nokkur slík. Guðrún Þórðardóttir (f. 1936) tjáði mér þó í bréfi að hún þekkti orðin *anstaltir* 'umstang, vesen, fyrirhöfn, stúss' og *anstendugur* 'sómasamlegur, siðsamlegur', en ekki úr eigin máli heldur úr máli ömmu sinnar (f. 1875) og móður (f. 1901), og a.m.k. tvær konur (f. 1930 og 1934) og einn karl (f. 1933), sem hún ræddi við, mundu þessi orð vel. Hún telur að þau hafi verið algeng í daglegu máli Reykvíkinga af eldri kynslóðinni þegar hún var að alast upp en minnist þess þó ekki að faðir hennar hafi notað orðin, en hann var úr sveit, háskólamenntaður og líklega málhreinsunarsinni, segir hún.

segja má. Bókmenntagagnrýnandinn Erlendur Jónsson telur, í grein um *Kristrúnu í Hamravík*, að Hagalín hafi orðið „einna fyrstur íslenzkra rithöfunda til að brjótast undan oki málvöndunarstefnunnar“ (Erlendur Jónsson 1966:10). Fróðlegt er að lesa orð Guðmundar G. Hagalíns sjálfs í inngangi að útgáfu *Kristrúnar í Hamravík* árið 1966, en þar segir hann:

> Þá er ég svo fór að skrifa sögur … fann ég ríka hvöt hjá mér til að ganga lengra í því að nota daglegt mál í samtölum og ýmis alþýðleg orð og orðatiltæki heldur en mér eldri íslenzkir rithöfundar, en fylgja aftur á móti hinni almennu málhreinsunarstefnu í öllu, sem ekki væri talað fyrir munn sögupersónanna.
>
> (Guðmundur G. Hagalín 1966:27)

Um þau ‘alþýðlegu orð og orðatiltæki’ sem Hagalín notar í *Kristrúnu í Hamravík* segir hann að mikinn meginhluta þeirra hafi hann heyrt vestra og lætur þess einnig getið að Þórleifur Bjarnason rithöfundur hafi „heyrt þau flestöll í bernsku norður á Hornströndum, og er hann þó maður 10 árum yngri en ég“ (bls. 29). Enn fremur viti hann til þess að margt þeirra hafi verið til víða um land og vitnar um það til dr. Stefáns Einarssonar málfræðings sem þekkti mörg þeirra úr Breiðdal eystra.

Meðal sérkennilegra orða í sögum Hagalíns eru einmitt fáein *an*-orð. Í RM eru dæmi um þessi:

(6) *angefa* (GHagalKH, 14)
anleiðning (GHagalKH, 180, GHagalHam, 75)
anordning (GHagalKon, 155)
anstalt (GHagalKH, 19, 27 og 137, GHagalStV II, 171, GHagalHam, 44)
anstíga (GHagalKon, 104)
antaka (GHagalKon, 346, GHagalMaríum, 93, GHagalHam, 74)
antigna (GHagalMaríum, 49, GHagalHam, 142 og 154)

Nánari leit í sögunni af Kristrúnu í Hamravík leiddi að auki í ljós sögnina *anstalta* (1966:101) og ekki kæmi á óvart að fleira slíkt leyndist í öðrum sögum Hagalíns.

En fleiri skáld en Guðmundur Hagalín lengdu líf *an*-orða og notuðu í ritverkum sínum. Halldór Laxness var líka þekktur fyrir sérstakt málfar og óvenjulegt en í RM eru dæmi úr ritum hans um þessi orð:

(7) *angefa* (HKLSalka, 184, HKLHeimsl I, 34, HKLGuðsg, 76)
anleiðing (HKLSalka, 81, HKLBrekk, 62, HKLKristn, 237)
anstalt (HKLSalka, 17)
antaka (HKLPar, 31)
antigna (HKLSjfólk, 213, 270, HKLHeimsl II, 199, HKLÍsl, 166)

Aðrir 20. aldar rithöfundar voru tæpast jafn-djarftækir og Hagalín og Laxness en nokkrir skreyttu þó verk sín með orðum af þessu tagi þó í minna mæli væri. Í RM eru dæmi úr ritum eftirfarandi rithöfunda:

(8) Björn J. Blöndal: *anstalt* (BjBlöndÖrl, 67)
Guðmundur Daníelsson: *anstalt* (GDanBolafl II, 189, GDanJörð, 228)
Guðmundur Kamban: *anstalt* (GKambSkálh II, 105)
Jóhannes út Kötlum: *antigna* (JóhKötlSigl, 158)
Jón Björnsson: *anstalt*, *annamma* (JBjörnMátt, 323; JBjörnJómf, 212)
Kristmann Guðmundsson: *angefa* (KristmGStutt, 215)
Stefán Júlíusson: *antigna* (StJúlSól, 87)
Torfhildur Þ. Hólm: *anstalt* (THJA II, 189)
Þórleifur Bjarnason: *angefa*, *anstalta* (ÞórlBTröllið, 175; ÞórlBTröllið, 175)

Vafalaust er víðar að finna orð af þessu tagi í skáldsögum en hér verður látið nægja að skoða til viðbótar þær 20. aldar skáldsögur og smásögur eftir Jón Trausta, Torfhildi Hólm og Þorgils gjallanda sem eru í safni Netútgáfunnar. Leitað var í þeim að orðum sem hefjast á *an-* en jafnframt athugað hvort fyrir kæmu orðin *brúka*, *blífa* og *ske* eða einhver samsetning eða afleiðsla með þeim orðstofnum, svo og orð sem hefjast á *be-*; var þetta gert til að fá einhverja hugmynd um það hversu bundnir höfundar hefðu verið af kröfum málhreinsunar en sem vel er kunnugt voru orð af þessum toga meðal helstu skotspóna málhreinsunarstefnunnar. Niðurstaðan varð sú að engin *an*-orð fundust

í 8 skáldsögum og 21 smásögu. Ekki fundust þar heldur dæmi um *be-*orð né sögnina *blífa*, en nokkur dæmi um *brúka* og samsetningar, svo og um *kannski*, *kannske* og *máske*, og örfá dæmi um *ske*.[18] Nefna má að smásagan *Sýður á keipum* eftir Jón Trausta ber undirtitilinn „Saga frá byrjun 17. aldar“ og *Söngva-Borga* undirtitilinn „Saga frá fyrri hluta 16. aldar“ og hafa báðar að geyma talsvert af samtölum en höfundur hefur ekki farið þá leið að leggja sögupersónum sínum orðfæri sögutímans í munn, a.m.k. ekki orð af erlendum uppruna.

Eftirtektarvert er að *an*-orð í skáldsögum 20. aldar rithöfunda koma einna helst fyrir í sögum sem gerast í þeirra eigin samtíma eða skömmu fyrir hann. Höfundarnir virðast hafa litið svo á að þeir væru að sýna málfar gamals fólks á þeirra tíð en leggja orðin síður í munn fólks fyrr á öldum. Þetta segir sitt um stöðu orðanna í ungdæmi höfundanna (snemma á 20. öld).

Vöntun alls kyns ‘alþýðlegra’ orða af erlendum, einkum dönskum, uppruna í ritum margra 20. aldar höfunda segir að sumu leyti meira um afstöðu þeirra til íslenskrar málstefnu á fyrri hluta aldarinnar – og vald stefnunnar yfir penna þeirra – en um raunverulegt málfar sem þeir ólust upp við. Vissulega má sjá dálítið eftir þeim orðaforða sem við það komst aldrei á prent en í ljósi sögunnar er þetta vel skiljanlegt og gildir reyndar að nokkru leyti enn þann dag í dag.

5 Örlög orðanna

Spyrja mætti um tvennt: Hvers vegna bárust ekki fleiri orð af þessu tagi inn í málið, og hins vegar: Hvað veldur því svo að þessi orð hverfa?

Ekki er gott að gefa einhlítt svar við fyrri spurningunni. Hví urðu orðin ekki fleiri en raun ber vitni, og algengari? Tökuorð síðustu fimm hundruð ára eru mörg, fleiri en margir gera sér grein fyrir, og í fljótu bragði hefði mátt ætla að *an*-orð hefðu getað átt álíka auðvelda leið inn í málið og mörg önnur orð. Gott er að hafa eitthvað til samanburðar og þess vegna má geta þess að hátt í 300 tökuorð (nálega 130 orðstofnar, lauslega talið) með forliðum *be-* og *bí-* er að finna í söfnum OH. En

[18] Til samanburðar skal þess getið að engin dæmi um *blífa*, *brúka* og *ske* er að finna í verkum Jónasar Hallgrímssonar, Benedikts Gröndal, Gests Pálssonar og Stephans G. Stephanssonar sem getið var í kaflanum um verk frá 17.–19. öld nema eitt dæmi um *ske* hjá hinum síðastnefnda.

margt bendir til þess að með nokkrum undantekningum hafi *an*-orð í íslensku einkum verið bundin ritmáli embættismanna og lítt farið út fyrir þeirra hóp, jafnvel minna en *be*-orðin sem þó voru varla hvers manns eign. Líklega hefur notkun margra *an*-orðanna meira að segja verið enn þrengri; þau voru í eðli sínu framandorð, fremur glósur eða ívitnanir en eiginleg tökuorð,[19] og skutu upp kollinum í máli embættismanna sem margir hverjir höfðu dvalist í Danmörku, skrifuðu sína texta með hliðsjón af dönskum textum eða voru í samstarfi við danska embættismenn og tóku upp orð eftir þeim.

Þess má geta að einnig í dönsku tilheyrðu þessi orð fyrst og fremst „det stivere skriftsprog" að sögn málfræðingsins Peters Skautrup (Skautrup 1947:234). Skautrup hefur og bent á að í dönsku hafi forskeytið *an-* aldrei haft neitt skilgreint og einsleitt hlutverk og hafi aldrei verið skynjað sem eiginlegt orðmyndunaraðskeyti (s.st.). Í sumum tilfellum voru sjálf hugtökin, sem *an*-orðin tjáðu, tekin upp í heild sinni og þau höfðu þá engin tengsl við danskan orðaforða. Í öðrum var seinni hluti orðanna (aftan forskeytis) fyrir hendi í dönsku sem hluti sameiginlegs, germansks orðaforða og þá gátu tökuorðið og ósamsetta erfðarorðið stundum skipst á án þess að um merkingarmun væri að ræða. Takmarkaður dæmafjöldi *an*-orða í íslensku leyfir sjaldnast að þessi sama ályktun verði dregin um þau en þó eru fáein dæmi til um slíkt, svo sem sagnirnar *anfæra* („Brotastýll sendur til Kaupmhafnar, anfærdur til inntektar í sídasta reikníngi" Klp VIII, 211, 19f) og *antaka* („þessar bækur vill Biskupenn ecke antaka uppi Skulld kyrkiunnar" Bps AII19 III, 113, 1752).

Ekki þarf samt að leita langt að einni ástæðu þess að orðin urðu ekki fleiri en raun ber vitni, og að þau nái t.d. ekki nema um 20% af fjölda *be*-orða sem bárust inn í málið á svipuðu tímabili. Hlutfallslega eru *an*-orð nefnilega miklu færri í dönsku, norsku og sænsku en orð með forskeytinu eða forliðnum *be-* í þessum málum og því er eðlilegt að færri orð með *an-* bærust inn í íslensku en þau fyrrnefndu. En báðir þessir orðahópar skera sig úr hinum innlenda orðaforða og voru því tiltölulega auðveldir viðureignar þegar að hreinsun málsins kom.

[19]Sbr. umfjöllun um hugtökin *tökuorð* og *framandorð* í Veturliði Óskarsson 2003:95 (og tilvísanir þar).

Seinni spurningunni hefur þegar verið svarað; þarna var málhreinsunin að verki. Það kann að vísu að koma á óvart hversu rækileg þessi tiltekt í tungumálinu var en það er ekki innan markmiða þessarar ritgerðar að rýna nánar í þau öfl sem þar voru á ferð; látið verður nægja að slá fram þeirri fullyrðingu að sambærileg hreinsun myndi tæplega takast nú.

6 Lokaorð

Hér var greint frá afmörkuðum hópi tökuorða með forskeytinu *an-*, innreið þeirra í íslenska tungu og afdrifum. Norræn mál voru fremur fátæk að forskeytum og viðskeytum þegar áhrif lágþýsku hófust á 13. öld. Meðal annars þess vegna áttu orð með aðskeytum tiltölulega greiða leið inn í málin, og sum hinna erlendu aðskeyta urðu smám saman virk í innlendri orðmyndun í dönsku, norsku og sænsku. Orð af þessu tagi síast hægt og rólega inn í íslensku í aldanna rás; þau verða að vísu ekki mörg en þó er ein 60 *an*-orð og hátt í 300 orð með forliðum *be-* og *bí-* að finna í söfnum OH.

